



# SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 1. tbl. 2026 / sameyki.is

## „Baráttan verður alltaf að vera sýnileg“

Í ítarlegu viðtali fer Ögmundur Jónasson yfir stöðu launafólks, nýfrjálshyggjuna og markaðsvæðingu samfélagsins og varar við að án samstöðu halli jafnvæginu hratt gegn almenningi. Hann rifjar upp baráttu BSRB gegn markaðsvæðingu og alþjóðlegum þrýstingi og segir að samfélaginu öllu sé í hag að verkalyðshreyfingin standi sterk. Hann brýnir opinbera starfsmenn til að standa gegn gjalddöku og einkavæðingu og segir að rödd verkalyðshreyfingarinnar þurfi að styrkjast: „Ekkert gerist af sjálfu sér.“ Nú þurfi hreyfingin að „kveikja í grasrótinni“ og gera baráttuna sýnilega á ný.

>> Bls. 20-26

## Alvarleg aðför ríkisstjórnarinnar að réttindum opinberra starfsmanna

Ríkisstjórnin hyggst afnema áminningarskylduna og veikja starfsöryggi þeirra sem halda uppi grunnþjónustu samfélagsins. Með frumvarpinu er vikið frá norrænum viðmiðum sem byggja á samningi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um reglur á vinnumarkaði og stefnt í afregluvæðingu. Með þessu setja stjórnvöld Ísland í andstöðu við Norðurlöndin og grafa þar með undan lýðræði og opinberri þjónustu.

>> Bls. 8-10

## Stéttarfélagin grunnstoðir samfélagsins

Sjöfn Ingólfssdóttir, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, segist vera félagshyggju- og vinstrimanneskja. Hún lítur á verkalyðsbaráttuna sem mannréttinda-baráttu, baráttu sem byggir á samstöðu, félagshyggju og þeirri trú að stéttarfélag séu lykilstoðir lýðræðislegs samfélags.

>> Bls. 11-13

## Póstmannafélag Íslands og Sameyki skoða sameiningu

Jóhanna Fríður Bjarnadóttir, formaður Póstmannafélags Íslands, segir sameiningu fela í sér aukinn styrk í kjarabaráttunni og betri þjónustu við félagsfólk á tímum mikilla breytinga í pósthjónustu. Hún leggur áherslu á að réttindi haldist óskert og að samstaða sé lykillinn að því að verja kjör og samningsrétt.

>> Bls. 17-19

**Ábyrgðarmaður**  
Kári Sigurðsson

**Ritstjóri**  
Axel Jón Ellenarson

**Greinarhöfundar**  
Axel Jón Ellenarson  
Halldór Baldursson  
Kári Sigurðsson  
Kristín Erna Arnardóttir  
Jóhanna Þórdórsdóttir  
Stefán Pálsson

**Prófarkalestur**  
Bjarni Benedikt Björnsson

**Forsíðumynd**  
Ögmundur Jónasson. Ljósmyndina  
tók Birgir Ísleifur Gunnarsson.

## EFNISYFIRLIT

- 4 Af vettvangi Sameykis
- 6 100 ára sögu St.Rv. fagnað
- 9 Alvarleg aðför ríkisstjórnarinnar
- 11 Stéttarfélagin grunnstoðir samfélagsins
- 14 Starfsmatið eitt af áfangasigrumum
- 17 PFI og Sameyki skoða sameiningu
- 20 „Baráttan verður alltaf að vera sýnileg“
- 29 Saga Starfsmannafélags Reykjavíkur
- 30 Að sjá sig eins og maður er
- 32 Gott að vita á vorönn
- 34 Stoppað í matargatið
- 38 Vinningshafi krossgátulausnar
- 39 Krossgáta

**Skrifstofa Sameykis**  
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík.  
Opíð mán.-fím. 9:00-15:00 og fös. 9:00-13:00.  
Sími: 525 8330.

Netfang: sameyki@sameyki.is  
Veffang: sameyki.is  
ISSN: 1670-881

**Prentun**  
Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað  
á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír  
úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið  
prentað með Svansvottuðum jurtalitum en  
ekki jarðolíulitum.



# Forgangsröðun stjórnvalda í takti við sérhagsmunahópa

**S**töðugleiki í kjarasamningum byggist á sameiginlegri ábyrgð. Það var skýrt samið um að hið opinbera héldi aftur af gjaldskrárhækkunum og að fyrirtæki sýndu aðhald í verðlagningu. Við erum að sjá annað raungerast; hækkanir á þjónustu Veitna og áframhaldandi verðhækkanir á matvörum og öðrum nauðsynjavörum sem skekkja forsendurnar sem samið var á eru dæmi um það. Þar liggur kjarni málsins, ekki í því að launafólk hafi fengið hóflegar leiðréttingar á kjörum sínum í síðustu samningum eða að vinnuvikan hafi verið styt.

Á sama tíma hefur undanfarið borið mikið á einfaldri og villandi umræðu þar sem reynt er að skjóta skella skuldinni á launafólk og réttindi þess. Því er gefið undir fótinn að hópar fólks hendi sér í langtímaveikindaleyfi að ósekju og orðið kulnun er nú notað í algjöru háði. Þessi orðræða kemur ekki af tilviljun, hún er knúin áfram af hagsmunaaðilum sem hafa augljósa ástæðu til að vilja draga úr vægi launa og réttinda með það að markmiði að eigendur stórfyrirtækja sitji eftir með stærri sneið af kökunni. Þetta er ekki uppbyggileg nálgun, hvorki fyrir vinnumarkaðinn né samfélagið í heild.

Ef þetta heldur svona áfram, þá eru litlar líkur á að í næstu kjarasamningum náist sátt og samstaða sem byggir á trausti og faglegum

vinnubrögðum. Þvert á móti gætu næstu viðræður orðið mjög þungar og haft gríðarlega neikvæð áhrif á samfélagið í heild. Það eru blíkur á lofti og áherslur núverandi ríkisstjórnar ýta undir þær, nú síðast með aðförinni að opinberum starfsmönnum í tengslum við áminningarskylduna. Er þetta í alvöru forgangsröðunin á Alþingi? Þegar grunnstoðir réttlætis og faglegs trausts eru veiktar, þá grefur það undan öllu því sem við erum að reyna að byggja upp.

Við verðum að spyrja okkur: Er ríkisstjórnin farin að ganga í takt við sérhagsmuni einkaaðila á kostnað almennings? Ef svo er, þá erum við að missa sjónar á því sem skiptir máli.

Því ef við ætlum að skapa raunverulegan stöðugleika, þann stöðugleika sem kjarasamningar byggja á, þá verðum við að ganga í takt. Við verðum að byggja brýr, ekki grafa skurð. Það þarf samstöðu, gagnsæi og heiðarleika í aðgerðum allra aðila. Orðræða sem grefur undan launafólki og lítillækkar opinbera starfsmenn í myndböndum sem eru borguð af samtökum á almennum markaði eru ekki leiðin. Það er mikil skömm af þessari nálgun og ég get ekki ímyndað mér að við sem samfélag viljum að þetta sé sú hugmyndafræði og sýni þau viðhorf sem við ætlum að tileinka okkur og samþykkja inn í framtíðina. ■



Kári Sigurðsson  
Formaður Sameykis

# MÍNAR SÍÐUR SAMEYKIS



## Mínar umsóknir

Hér má finna umsóknir um styrki sem félagsfólk hefur sent inn, hvort sem þær eru í vinnslu eða afgreiddar. Nálgast má þau fylgiskjöl sem hanga á umsókninni og bæta við fylgiskjöllum og senda skilaboð til nánari útskýringar með því að smella á punktana þrjá undir skoða.



## Samskiptaskilaboð

Hér er hægt að senda fyrirspurnir til skrifstofu um kjara- og réttindamál, orlofshús og auðvitað allar almennar fyrirspurnir. Starfsfólk Sameykis svarar síðan fyrirspurnum og félagsfólk fær tölvupóst um að ný skilaboð bíði inni á Mínunum síðum. Þarna er því hægt að halda utan um skilaboðin á einum stað.

## Umsókn um styrki

Hér er hægt að senda um umsóknir um heilsu- og forvarnarstyrki, sjúkradagpeninga og fræðslustyrki. Til að hægt sé að afgreiða umsóknina er nauðsynlegt að hengja fylgigögn á umsókn í umsóknarferlinu, eins og t.d. greiðslukvittanir, reikninga, launaseðla, vottorð og fræðsludagskrá.



## Mínar síður

Markmið með Mínunum síðum er m.a. að félagsfólk geti sent inn umsóknir um styrki og fyrirspurnir þegar þeim hentar þar sem öryggi persónuupplýsinga þeirra er tryggt. Einnig að gefa félagsfólki yfirsýn yfir stöðu sína hjá Sameyki.



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

# Sameyki varar við einkavæðingu Strætó bs.

Á félagsfundi Sameykis með starfsfólki Strætó bs. 23. janúar kom skýrt fram að fyrirhuguð uppstokkun á rekstri Strætó bs. er pólitísk ákvörðun „sem mun hafa viðtækar afleiðingar fyrir starfsfólkið, þjónustugæði og samfélagið í heild,“ sagði Kári Sigurðsson, formaður Sameykis. „Áformin fela í sér áframhaldandi einkavæðingu opinberra verkefna og er markviss aðför að opinberum störfum.“

Kári lagði áherslu á að einkavæðing almenningssamgangna færi ábyrgð frá sveitarfélögunum yfir til einkaaðila án þess að tryggt væri hver bæri ábyrgð þegar þjónusta brygðist, hvernig réttindi starfsmanna yrðu vernduð eða hvort gæði þjónustunnar yrðu viðunandi. Slík stefna byggði á hugmyndafræði markaðsvæðingar þar sem hagnaður væri settur ofar öryggi, stöðugleika og réttindum starfsfólks.

Vel var mætt á fundinn og sagði formaður Sameykis að baráttan snerist ekki eingöngu um félagsgæði eða félagsgjöld, heldur um grundvallarréttindi starfsfólksins.

„Við munum beita okkur fyrir því að enginn hópur starfsmanna verði neyddur til að fara í ný störf á verri kjörum með skert réttindi. Félagið mun beita sér af fullum þunga til að hafa áhrif á útboðslýsingar og þjónustusamninga og knýja fram skýra



pólitíska ábyrgð eigenda Strætó bs. Samstaða starfsfólksins er lykilatriði. Sameyki mun halda áfram samtalinu og boða til frekari funda, því þessi barátta snýst um framtíð opinberrar þjónustu og réttindi þeirra sem halda henni gangandi,“ sagði Kári.

Á fundinum kom fram að starfsfólk stæði frammi fyrir verulegri óvissu um framtíð sína. Hluti starfsmanna kynni að flytjast yfir í nýtt rekstrarform, en aðrir gætu færst til einkaaðila í kjölfar útboða, þar sem hætta er á lakari kjörum, lakari réttindum og sundrunu. Þá kom fram á fundinum að Sameyki teldi óásættanlegt að starfsfólk væri látið greiða verðið fyrir pólitískar ákvarðanir sem teknar væru án nægilegs samtals og skýrra trygginga. ■

## Verkalýðsbaráttan fyrr og nú

Í þessu tölublaði *Tímarits Sameykis* er þemað saga verkalýðsbaráttunnar fyrr og nú. Fjallað er af breidd og dýpt um stöðu launafólks, verkalýðshreyfingarinnar og velferðarsamfélagsins á tímamótum. Í ítarlegu viðtali fer Ögmundur Jónasson yfir langa sögu sína í verkalýðsbaráttu og stjórnámum og rýnir í hvernig nýfrjálshegðing og markaðsöflin hafa grafið um sig í íslensku samfélagi. Hann varar við að rödd launafólks veikist samhliða aukinni misskiptingu og segir að baráttan þurfi að vera sýnileg ef halda á jafnvægi í samfélaginu. Í tímaritinu er jafnframt fjallað um alvarlega aðför ríkisstjórnarinnar að réttindum opinberra starfsmanna með frumvarpi um afnám áminningarskyldu. Greinin sýnir hvernig slík stefna gengur þvert á norræn og alþjóðleg viðmið vinnuréttar, byggð á samningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og felur í sér afreklavæðingu vinnumarkaðarinnar með afdrifarikum afleiðingum fyrir starfsöryggi, fagmennsku og lýðræði.

Í tilefni 100 ára afmælis Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar er viðtal við Sjöfn Ingólfssdóttur og Garðar Hilmarsson, fyrrverandi

formenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Í viðtalinu við Sjöfn er varpað ljósi á sögu og gildi stéttarfélagsbaráttu. Hún segist vera félagshyggju- og vinstrimanneskja og lítur á verkalýðsbaráttu sem mannréttindabaráttu, byggða á samstöðu og þeirri trú að stéttarfélag séu lykilstoðir lýðræðislegs samfélags. Garðar Hilmarsson fer yfir áfangasígra í baráttu félagsins, einkum innleiðingu starfsmats sem grundvallartækis til launajafnréttis. Hann segir starfsmatið eiga að ná til alls félagsfólks Sameykis fremur en stofnanasamningar og rökstyður mikilvægi sameiningar stéttarfélaga til að byggja upp raunverulegt afl.



Þá er fjallað um sameiningarviðræður Póstmannafélags Íslands og Sameykis og rætt við formann PFÍ, Jóhönnu Fríði Bjarnadóttur, sem segir að sameiningin styrki réttindabaráttu, þjónustu og stöðu félagsfólks, og að Sameyki veiti það afl sem nauðsynlegt

er til að takast á við breyttan vinnumarkað og áskoranir í pósthjónustu. Fastir liðir eru á sínum stað eins og krossgátur, sudoku-þrautir, matargat Hara, skopmyndaauga Halldórs Baldurs, Gott að vita námskeið á vorönn o.fl. ■

# Leggja til að réttur barna til leikskólavistar verði lögfestur

Aðgerðahópur um brúun umönnunarbilsins birti nýverið skýrslu þar sem dregin er upp skýr mynd af stöðu barnafjölskyldna á Íslandi eftir að fæðingarorlofi lýkur.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, kynnti niðurstöður skýrslunnar í fræðsluerindi fyrir starfsfólk stéttarfélaga innan BSRB og sagði Ísland vera áratugum á eftir öðrum Norðurlöndum í stuðningi við barnafjölskyldur á þessu viðkvæma tímabili.

Þrátt fyrir að fæðingarorlof hafi verið lengt í 12 mánuði og leikskólaplássum fjölgað, standa

mörg foreldri frammi fyrir

umönnunarbili sem getur varað mánuðum saman – jafnvel í heilt ár. Á þessu tímabili skortir mörg sveitarfélög úrræði fyrir börn, sem neyðir foreldri, oftast mæður, til að taka launalaust leyfi, draga úr starfshlutfalli eða leita kostnaðarsamra lausna. Þetta hefur víðtæk áhrif á tekjur, lífeyrisréttindi og stöðu foreldra á vinnumarkaði



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

og viðheldur kynbundnu misrétti. Um leið tapar vinnumarkaðurinn mikilvægu starfsfólki.

Í skýrslu aðgerðahópsins er bent á að umönnunarbilið falli utan skýrrar ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga. Hópurinn leggur til að réttur barna til leikskólavistar við lok fæðingarorlofs verði lögfestur og að mótuð verði heildstæð stefna um stuðning við fjölskyldur ungra barna. Greining sýnir að slíkt skilar umtalsverðum samfélagslegum ábata, bæði fyrir fjölskyldur, vinnumarkað og samfélagið í heild. ■

## Vorönn Gott að vita hafin

Margt spennandi má finna í dagskrá vorannar Gott að vita námskeiða og fyrirlestra, sumt í fjarnámi en annað í staðnámi. Sameyki, í samstarfi við fræðslumiðstöðvarnar Framvegis miðstöð símenntunar, Farskóla Norðurlands vestra og Símei, býður félagsfólki upp á fjölbreytta dagskrá. Skráning er hafin á námskeiðin og fyrsta námskeið vorannar, Grunnatriði í jóga, hófst 4. febrúar.

Efnistöð eru fjölbreytt en meðal annars má nefna fjármál, gervigreind, heilsu, ræktun, launaseðla, réttindi, svefn og starfslok.

Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að þegar skráning er gerð á námskeið þarf að muna að enda ferlið með því að smella á „Skrá umsókn“ – annars skráist umsóknin ekki. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Framvegis gegnum netfangið [helga@framvegis.is](mailto:helga@framvegis.is) eða í síma 581 1900, en Framvegis sér um skipulagningu námskeiðanna. Við hvetjum félagsfólk til að kynna sér dagskrána.



Sameyki býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsfólk því að kostnaðarlausu, en vakin er athygli á að nauðsynlegt er að skrá sig – fyrstur kemur fyrstur fær. Mikilvægt er að tilkynna forföll. Alla jafna eru biðlistar á námskeiðin og svekkjandi ef ekki er hægt að nýta sætin. Hægt er að skoða helstu námskeið og fyrirlestra sem í boði eru hér í blaðinu á bls. 32. ■

# 100 ára sögu St.Rv. fagnað

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Sameyki fagnaði laugardaginn 17. janúar að 100 ár voru liðin síðan Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar var stofnað en það er annað af stofnfélögum Sameyis. Viðburðurinn var haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur, þar sem félagsfólk, samstarfsaðilar, fyrrverandi formenn og gestir söfnuðust saman til að fagna þessum áfanga í sögu verkalýðshreyfingarinnar og almannajónustunnar.



Guðrún Gunnarsdóttir sá um veislustjórn og boðið var upp á léttar veitingar. Formaður Sameyis, Kári Sigurðsson, bauð gesti velkomna. Í ræðu sinni rifjaði hann upp sögu St.Rv. og lagði áherslu á þann stóra þátt sem félagið hefur átt í baráttunni fyrir réttindum og bættum kjörum borgarstarfsmanna í gegnum tíðina.



Garðar Hilmarsson, fyrrv. formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og varaformaður Sameyis.

dagsins þegar félagið ásamt SFR stofnuðu Sameyki 26. janúar 2019. Þar kom fram hversu mikilvægt félagið hefur verið í að efla samstöðu, réttindabaráttu og félagslegt samfélag meðal launafólks innan borgarinnar.

Fyrrum formenn St.Rv.; Sjöfn Ingólfssdóttir og Garðar Hilmarsson, stikluðu á stóru í sögu félagsins og sögðu frá sinni reynslu og mikilvægustu viðfangsefnum síðustu áratuga. Sjöfn sagði það skipta miklu máli að tengja fortíðina við nútíðina og sýna fram á samfellda baráttu og þróun í verkalýðsmálum.

„Stéttarfélög byggja á félagshyggju – þeirri einföldu hugmynd að við stöndum sterkari saman. Um þessa hugsjón verðum við alltaf að standa vörð því stéttarfélög verja ekki bara réttindi sem þegar hafa áunnist. Þau sækja fram. Þau bæta kjör. Þau styrkja röddu fólks og tryggja virðingu,“ sagði Sjöfn.

Þá færði formaður BSRB, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Sameyki glæsilegt málverk að gjöf, sem formaður Sameyis tók við. Gjöfin er tákni um þá arfleifð sem starfsmannafélagið hefur skilið eftir sig og þann styrk sem félagið hefur skapað fyrir félagsfólk. Katrín Halldóra Sigurðardóttir flutti söngatriði og Sunna Gunnlaugs, djasspíanisti, sá um lifandi undirleik milli atriða. Í salnum var jafnframt varpað ljósmyndum úr sögu félagsins. Viðburðurinn var ekki aðeins hátíðlegur af þessu tilefni, heldur gafst einnig tækifæri til að endurspeglar þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað á vinnumarkaðnum og í stéttabaráttunni á liðinni öld. Einnig var minnt á mikilvægi samstöðunnar og þess sameiginlega átaks sem starfsemi stéttarféлага stuðlar að fyrir réttlæti og bættri stöðu launafólks í íslensku samfélagi. ■



Sjöfn Ingólfssdóttir, fyrrv. formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

„Heil öld er langur tími og á þeim tíma stóð félagið vörð um réttindi borgarstarfsmanna, byggði upp samstöðu og lagði grunninn að því félagi sem Sameyki er í dag. Það eru engar ýkjur að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, sem er eitt af hornsteinum Sameyis, er samofið sögu verkalýðshreyfingarinnar og þróun velferðarsamfélagsins sem hún lagði grundvöllinn að á Íslandi, og auðvitað hér í Reykjavík líka,“ sagði Kári.

Sagnfræðingurinn Stefán Pálsson fór með gestum í gegnum sögu Starfsmannafélagsins, frá stofnun þess fyrir einni öld til



# Alvarleg aðför ríki réttindum opinber

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Sigurður Ólafur Sigurðsson



Frumvarp ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttur um afnám áminningarskyldu opinberra starfsmanna er eitt umdeildasta og jafnframt alvarlegasta lagafrumvarp varðandi opinberra starfsmenn sem komið hefur fram í íslenskri stjórnsýslu um langt skeið. Þess ber að geta að áminningarskyldan samkvæmt samningi Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar (ILO), grein nr. 158, er staðfest og lagalega vernduð í Finnlandi og Svíþjóð en á Íslandi samkvæmt sérstökum starfsmannalögum nr. 70/1996<sup>1</sup> og eru þau lög lengst frá kjarna samningsins frá Alþjóðavinnumálastofnuninni af Norðurlöndunum. Í Danmörku eru sambærileg ákvæði í landslögum og sama má segja um Noreg sem nánast endurspeglar meginreglur ILO, um réttmætar ástæður fyrir uppsögn og andmælarétt starfsmanns.

Ef áminningarskyldan er ekki virt þýðir það að íslenskur starfsmaður í opinberri þjónustu nýtur minni verndar í störfum sínum en á hinum Norðurlöndunum og getur misst starf sitt án þess að njóta þeirrar formlegu málsmeðferðar sem þykir sjálfsgættur réttur í nágrannaríkjum okkar. Að afnema áminningarskyldu opinberra starfsmanna úr starfsmannalögum er ekki einungis spurning um formbreytingu í reglum heldur grundvallarárás á réttindi og starfsöryggi þeirra sem halda uppi grunnþjónustu samfélagsins – fólks sem daglega sinnir störfum sem tryggja velferð, öryggi og menntun þjóðarinnar. Þetta er heilbrigðisstarfsfólk á fjársveltri bráðamóttöku, kennarar í yfirfullum kennslustofum, leikskólastarfsmenn á undirmönnum leikskólum, félagsráðgjafar, lögreglumenn, starfsfólk flugvalla, fangaverðir og fjöldi annarra sem mynda stoðir samfélagsins. Þetta fólk ber ekki aðeins ábyrgð á daglegum verkefnum í störfum sínum heldur einnig á trausti almennings sem reiðir sig á grunnþjónustu sem ríkið veitir. Að skerða starfsréttindi þessa fólks er því ekki aðeins spurning um lögbundin vinnuréttindi heldur spurning um virðingu ríkisvaldsins fyrir eigin þjónustuviðmiðum og lýðræðislegum ferlum eins og áminningarskyldunni.

## Afturför í stað framfara

Áminningarskyldan hefur hingað til verið hornsteinn réttlátrar málsmeðferðar hjá opinberu starfsfólki og tryggir að starfsmaður sem talinn er hafa gerst brotlegur í starfi sínu fái



Að afnema áminningarskyldu opinberra starfsmanna úr starfsmannalögum er ekki einungis spurning um starfsöryggi þeirra sem halda uppi grunnþjónustu samfélagsins – fólks sem daglega

sanngjarnt tækifæri til úrbóta áður en gripið er til alvarlegra agaviðurlaga, svo sem uppsagnar eða brottvikningar úr starfi. Þessi regla er ekki formsatriði heldur er hún réttarbót sem á rætur sínar í hugmyndum um málefnalega stjórnsýslu og mannréttindavernd á vinnumarkaði. Með því að afnema þetta ákvæði úr starfsmannalögum er ríkisstjórnin í raun að segja að starfsmaðurinn þurfi ekki lengur að njóta réttlátrar málsmeðferðar heldur geti starfsstaðir ríkisins rekið viðkomandi fyrirvaralaust ef þeim þóknast svo. Þannig verður starfsmaður háður mati og vilja yfirmanna, án þess að fá formlegt tækifæri til að verja sig eða bæta ráð sitt. Þetta er í raun kerfisbundin aðför að starfsöryggi sem opnar á pólitískan eða persónulegan þrýsting í stjórnkerfinu um að losa sig við starfsfólk í stað réttlátrar varnar gegn slíkum geðþóttaákvörðunum stjórnenda.

# Stjórnarinnar að rara starfsmanna



ungis spurning um formbreytingu í reglum heldur grundvallarárás á réttindi og  
sinnir störfum sem tryggja velferð, öryggi og menntun þjóðarinnar.

Það er kaldhæðnislegt að þetta frumvarp komi frá ríkisstjórn sem segist vilja efla réttlæti og traust í samfélaginu og kennir sig við jafnaðarstefnu hinna Norðurlandanna, sem hafa í sumum tilfellum tekið upp áminningarskyldu fyrir nánast allan vinnumarkaðinn eftir tillögum ILO. Þegar starfsfólk sem vinnur í þjónustu við almenning veit að það getur misst starf sitt án málefnalegrar meðferðar, þá minnkar sjálfstæði þess, traust og fagleg ábyrgð. Það blasir við, þó ríkisstjórnin sé með bundið fyrir augun, að þetta er ekki leið til að bæta opinbera þjónustu og auka velsæld á vinnumarkaði, heldur leið til að þagga niður gagnrýni og veikja fagmennsku opinbers starfsfólks, því opinber grunnþjónusta á að byggja á trausti en ekki ótta. Þegar slíkt réttarbrot eiga sér stað á opinberum vinnumarkaði er ljóst að lýðræðið sjálft stendur á veikari stoðum eftir slíkar breytingar.

## Það sem hefði átt að verða

Áður hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi þegar Bryndís Hlökkversdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði fram tillögur um breytingar á lögum sem tóku sérstaklega á mikilvægi áminningarskyldu og ábyrgðar stjórnvalda í samanburði við önnur ríki sem Ísland ber sig gjarnan saman við. Í frumvarpinu, sem lagt var fram á 120. löggjafarþingi<sup>2</sup>, var lagt til að viðurkennt yrði að áminningarskylda væri almenn og eðlileg verndarráðstöfun eins og í flestum réttarríkjum Vesturlanda þar sem hún tryggir jafnræði, fagmennsku og réttláta málsmeðferð opinberra starfsmanna. Þingsályktunartillagan fól í sér að ríkisstjórninni yrði falið að fullgilda alþjóðasamning ILO nr. 158 um vernd gegn óréttmætum uppsögnum. Tillagan náði þó ekki fram að ganga, og Ísland hefur enn ekki fullgilt samninginn samkvæmt upplýsingum á vef ILO. Í íslenskum rétti hefur því ekki verið innleitt formlegt lagaákvæði sem jafngildir fullgildingu samnings ILO nr. 158, þótt ýmis ákvæði vinnuréttar endurspegli að hluta meginreglur samningsins um réttláta málsmeðferð og vernd launafólks við uppsögn. Parna er verk að vinna.

Í greinargerð frumvarpsins vísaði Bryndís til þess að í flestum Evrópuríkjum, einkum á Norðurlöndunum, væri áminningarskylda lagaleg skylda stjórnvalda en ekki aðeins siðareglur í starfsmannalögum eða verklagsvenja. Meirihluti allsherjarnefndar Alþingis taldi á þeim tíma að slíkt fyrirkomulag gæti „þrengt að stjórnunarfrelsi“ og gert erfiðara að bregðast við ófullnægjandi frammistöðu starfsfólks. Þessi afstaða byggðist á þeirri skoðun að stjórnendur í opinberri þjónustu ættu að hafa sama svigrúm og stjórnendur á almennum vinnumarkaði, þ.e. að geta brugðist við án sérstakra formlegra viðvörunarferla og sagt fólki upp störfum án fyrirvara eins og að skipta út hilluvöru í stórmörkuðum, með öðrum orðum; að afregluvæða vinnumarkaðinn.

Bryndís benti á að Ísland hefði ekki gengið jafn langt og nágrannaríkin í að festa slíka vernd í sessi. Frumvarp hennar, hefði það orðið að lögum, hefði eftir réttindi starfsfólks og fært íslenska stjórnsýslu nær þeim alþjóðlegu viðmiðum sem Samfylkingin vill jafnan kenna sig við. Nú virðist ríkisstjórnin ganga í þveröfuga átt, að fjarlægja réttarbót sem önnur ríki hafa tryggt um áratugaskeið. Þetta er ekki aðeins efnahagsleg eða stjórnsýsluleg spurning, heldur siðferðilegt úrlausnarefni sem manni virðist að ríkisstjórnin hafi ekki skilning á í þessu máli. Ísland hefur tamið sér að tala fyrir

mannréttindum, réttlæti og félagslegu öryggi. Væri óskandi að ríkisstjórnin endurskoðaði hug sinn í þessu máli.

Stjórnarfrumvarpið um afnám áminningarskyldu gengur þvert á þessi gildi því nú ber svo við að forsætisráðherra lítur á opinbert starfsfólk sem byrði á ríkinu sem hægt sé að losa sig við og veikja þannig grunnþjónustuna með því að fella áminningarskylduna, þó veik sé, úr gildi. Þetta er fullkomlega á skjön við það sem Krístrún Frostadóttir hefur áður sagt svo vitnað sé í orð hennar í grein til opinberra starfsmanna<sup>3</sup> fyrir alþingiskosningarnar 2024: „Næsta

“

Á öðrum Norðurlöndum er áminningarskyldan ekki aðeins siðferðisleg venja eða hefð, heldur réttarfarslegt skilyrði í vinnurétti samkvæmt samningi ILO og hluti af þeirri hugmynd að opinber þjónusta byggist á gagnsæi og jafnræði.

ríkisstjórn verður að vera skipuð flokkum og fólki sem lítur ekki á hið opinbera sem einhvers konar byrði heldur hefur metnað til að styrkja almannþjónustu og beita ríkisvaldinu til að bæta líf okkar allra.“

Formaður Viðreisnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sagði í grein<sup>4</sup> um opinbera starfsmenn á sama vettvangi fyrir síðustu alþingiskosningar: „Hlutverk okkar sem vinnum í stjórnámálum gagnvart opinberum starfsmönnum er að tryggja þeim umhverfi þar sem þeir geta unnið störf sín á sem bestan hátt. Þegar opinberir starfsmenn búa við gott starfsumhverfi, hafa tækifæri til starfsþróunar, eru í skapandi umhverfi og njóta sanngjarnra kjara þá skilar það sér í bættri þjónustu sem allir njóta góðs af. Það er leið Viðreisnar!“

Hvernig má það vera í ljósi þessara orða forystumanna ríkisstjórnarinnar að fram komi stjórnarfrumvarp sem beinlínis gengur út á það að skerða grundvallarréttindi launafólks? Á öðrum Norðurlöndum er áminningarskyldan ekki aðeins siðferðisleg venja eða hefð, heldur réttarfarslegt skilyrði í vinnurétti samkvæmt samningi ILO og hluti af þeirri hugmynd að opinber þjónusta byggist á gagnsæi og jafnræði og regla gildi á vinnumarkaði.

## „Við eigum að breyta upp á við, ekki niður á við“

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, sagði skýrt í viðtali í Tímariti Sameykis 3. tbl. 2025<sup>5</sup> að þessi stefna ríkisstjórnarinnar væri röng í öllum meginatriðum. Hún lagði áherslu á að frekar en að afnema áminningarskylduna ætti að útvíkka hana til alls vinnumarkaðarins, þannig að fleiri starfsmenn, ekki færri, nytu sömu verndar og sanngirni í störfum sínum. „Við eigum að breyta upp á við, ekki niður á við,“ sagði Sonja Ýr og orð hennar ná vel utan um meginatriði þessa máls því það snýst um réttlæti, fagmennsku og virðingu fyrir starfsfólkinu, auðlindinni, sem heldur uppi þjóðfélaginu.



Það er augljóst í hugum opinberra starfsmanna innan BSRB að ef einhver alvara er með því sem ríkisstjórnin segist standa fyrir; jöfnuði, réttlæti og trausti, þá verður hún að draga þetta frumvarp til baka. Hún á ekki að veikja lögbundna vernd þeirra sem bera samfélagið uppi, heldur að efla hana í samræmi við alþjóðleg viðmið og fyrirmyndir. Að öðrum kosti setur forsætisráðherra Ísland í ákveðna sérstöðu meðal þjóða að viðurkenna hvorki lögbundin réttindi launafólks né skilja tilganginn með þeim. Þá verður Ísland ekki fyrirmynd réttarríkis, heldur dæmi um stjórnsýslu sem sneri baki við eigin starfsfólki í þágu valds, þjónkunar, niðurskurðar og aðhalds. ■

### Heimildir:

1. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1996070.html>
2. Þingskjal nr. 581/1995–1996. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. <https://www.althingi.is/altext/120/s/0581.html>
3. Krístrún Frostadóttir. (2024). Sterk almannþjónusta er grundvöllur góðs samfélags. Tímarit Sameykis, (4). <https://www.sameyki.is/frettir/pistlar/stakir-pistlar/2024/11/21/Sterk-almannathjonusta-er-grundvollur-gods-samfelags/>
4. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. (2024). Öflugt velferðarsamfélag hvílir á sterkum opinberum innviðum. Tímarit Sameykis, (5). <https://www.sameyki.is/frettir/pistlar/stakir-pistlar/2024/11/21/Oflugt-velferdersamfelag-hvilir-a-sterkum-opinberum-innvikum/>
5. Axel Jón Ellenarson. (2025). Allir þurfa opinbera þjónustu, einnig þeir sem eru á móti henni [viðtal við formann BSRB, Sonju Ýr Þorbergsdóttur]. Tímarit Sameykis, (6). <https://www.sameyki.is/frettir/vidtol/stok-vidtol/2025/09/23/Allir-thurfa-opinbera-thjonustu-einnig-their-sem-eru-a-moti-henni/>

# Stéttarfélögin grunnstoðir samfélagsins

Eftir Axel Jón Ellenarson

Sjöfn Ingólfssdóttir er ein af lykilpersónum íslenskrar  
verkalýðshreyfingar síðari hluta 20.



aldar og byrjun þeirrar sem er. Sem  
formaður Starfsmannafélags  
Reykjavíkurborgar á árunum  
1991–2006 leiddi hún eitt  
stærsta stéttarfélag landsins  
á tímum mikilla umbreytinga í  
opinberri þjónustu, aukins aðhalds  
í rekstri sveitarfélaga og harðnandi  
kjarabaráttu. Samhliða formennsku sinni gegndi  
hún stöðu varaformanns BSRB og sat í fjölda  
nefnda og ráða sem fulltrúi launafólks.

Í forystu sinni lagði Sjöfn ríka áherslu á réttindi  
og kjör almennra starfsmanna borgarinnar,  
samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar  
og að rödd opinberra starfsmanna heyrðist  
í samfélagsumræðunni. Hún var þekkt fyrir  
skýra afstöðu gegn niðurskurði á kostnað  
starfsfólks, í baráttu fyrir jafnrétti og fyrir að  
beina sjónum að stöðu þeirra hópa  
sem oft fara halloka í skipulagi  
vinnumarkaðarins. Arfleifð  
hennar markast af öflugri  
hagsmunagæslu, pólitískri  
stéttarfélagsbaráttu og  
trú á að stéttarfélög gegni  
lykilhlutverki í lýðræðislegu  
samfélagi. Hún tók virkan  
þátt í stjórnámum sem  
félagshyggjukona, fyrst  
innan Alþýðubandalagsins  
og síðar Vinstri  
hreyfingarinnar – græns  
framboðs, þar sem hún  
lagði baráttunni lið fyrir  
félagslegu réttlæti,  
jöfnuði og réttindum  
launafólks.



Í ræðu sinni við 100 ára ártíð starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem haldið var í Ráðhúsi Reykjavíkur 17. janúar sl. sagði hún að verkalyðsbarátta væri mannréttindabarátta: „Samtök launafólks eru aldrei bara kerfi, eða skrifstofur, eða samningar. Þau eru mannréttindabarátta. Þau byggja á félagshyggju – þeirri einföldu hugmynd að við stöndum sterkari saman. Um þessa hugsjón verðum við alltaf að standa vörð því stéttarfélög verja ekki bara réttindi sem þegar hafa áunnist. Þau sækja fram. Þau bæta kjör. Þau styrkja rödd fólks og tryggja virðingu.“

Ég hitti Sjöfn á heimili hennar í Reykjavík og við spjölluðum um sögu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, formannstíð hennar hjá félaginu, sögu og bakgrunn. Spurð um hvernig henni hefði litist á sameiningu félagsins og SFR í Sameyki



*Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkur 1991. Efri röð f.v.: Guðmundur Vignir Óskarsson, Elin Mjöll Jónsdóttir, Hannes H. Garðarsson, Jón Þorgeirsson og Hulda Þorgeirsdóttir. Fremri röð f.v.: Óskar Jóhannsson, Ása Clausen, Sjöfn Ingólfssdóttir, Gísli Árni Eggertsson og Guðrún Guðjónsdóttir.*

svaraði hún því afdráttarlaust að henni hefði fyrst ekki litist vel á það.

## Samstarfsfólkið eftirminnilegast

„Ég er nú orðin 87 ára, fædd ’39, og margt hefur nú gufað upp í kollinum á langri ævi eins og sagt er. Ég var satt að segja ekkert ánægð með þetta hjá þeim að sameina félögin fyrst þú spyrð, nei, ekki samkurlið skal ég segja þér, en samstarf, það er af hinu góða. En svona er lífið bara, það er ekki alltaf eins og maður vill hafa það. Hins vegar vil ég segja þér að mér líst alveg ágætlega á Sameyki í dag og forystusveit þess,“ segir Sjöfn.

Sjöfn segir að eftirminnilegast í hennar formannstíð hafi verið daglegt líf í iðu stéttarfélagsins með skemmtilegu og gefandi samstarfsfólki.

„Eftirminnilegast var í raun og veru daglegt líf, ótrúlega fjölbreytt starf og frábært samstarfsfólk sem starfaði þá á

skrifstofunni, við vorum sem ein fjölskylda sem unnum að hagsmunum okkar fólks. Það er eftirminnilegast, fólkið sjálft. Mér þykir nefnilega gaman að fólki, ég er fljót að kynnast fólki, hef alltaf verið, ég ólst upp við það bara og tel mig vera ágætann mannþekkjara. Í uppeldi mínu á Sólheimum við Svinavatn í Austur-Húnavatnssýslu var mér kennt að betra væri að hafa björt viðhorf til fólks og það tileinkaði ég mér.“

Já, þú ert Húnavetningur?, gríp ég frammi. „Já ég er Húnavetningur, dönnuð sem slík,“ svarar Sjöfn. Ég spyr hana auðvitað út í síðustu aftökuna þegar Agnes og Friðrik voru hálshöggvin við Prístapa í Vatnsdal 1835.

„Sko, amma mín sem ól mig upp var fædd 1889. Ég var tólf ára þegar ég flutti úr torfbænum í húsið á Sólheimum. Í þá daga leið tíminn hægar væni, atburðir fortíðarinnar gleymdust ekki eins hratt og nú til dags, fortíðin var nær manni en nú er. Amma mín vildi ekki tala um þetta, þessir atburðir voru lifandi enn þegar hún var krakki. Þetta var svo svakalegt og fór illa með allt og alla, ekki síst það fólk sem var umkomulaust og hafði ekki öryggi á bak við sig, það var því óöruggt og hrætt. Þessir voðalegu atburðir lifðu með fólkinu í sveitinni. Ég var svo lánsöm að líða engan skort, þetta var stór og stæðilegur torfbær sem við bjuggum í. Pabbi minn sem ég kalla, fósturfaðir minn Þorleifur Ingvarsson, var allt í öllu og framtakssamur bóndi. Hann keypti fyrstur bænda í sveitinni sláttuvél og fór um allt að slá fyrir aðra bændur. Hann batt líka hey fyrir aðra, fór með hesta og batt hey í úthagann og kom því í hlöðurnar fyrir bændurna. Hann var alltaf iðinn að gera eitthvað fyrir aðra, en það er nú önnur saga,“ segir Sjöfn um pabba sinn og æskuárin.

## Ekki hægt að kona væri formaður

Snúum okkur aftur að sögu stéttarfélagsmála. Þú segir að það standi helst upp úr í þínum störfum samskiptin við fólkið í félaginu, ekki stóru atburðirnir í stéttarfélagssamtökunni?

*Baksíða DB 11. október 1977 greindi frá að heitt hefði verið í kolunum þegar borgarstarfsmenn felldu samkomulag við borgina þegar barist var fyrir verkfallsrétti.*

„Komdu þér úr pontunni!“ „Farðu heim að sofa!“ „Biddu Tryggva afsökunar!“ var hrópað og kallað að einum stjórnarmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar á fundi þeirra um samningsuppdörögin í gærkvöldi, en stjórnarmaðurinn hafði látið þau orð falla úr ræðustól að viðkomandi Tryggvi mætti þakka fyrir að fá þau laun (103 þús. kr. á mán.) sem hann hefði fyrir þá vinnu sem hann innti af hendi.“

„Já, það er rétt. Já, nei nei blessaður vertu. Fyrsta verkfallið 1977 sem ég man eftir var stutt og snögg, stóð í einn mánuð. Það snerist um lífeyrissjóðsmál og auðvitað verkfallsréttinn sem við fengum þá, mjög merkileg mál en þá var ég trúnaðarmaður. Ég var fyrst kosin trúnaðarmaður þegar ég starfaði á Borgarbókasafninu og var trúnaðarmaður menningarhluta starfsfólks Reykjavíkurborgar sem starfaði á



söfnum og menningarstofnunum þess. Fljótlega var ég svo kosin aðaltrúnaðarmaður Reykjavíkurborgar og svo leiddi eitt af öðru eins og gengur. Ég fór svo í stjórn félagsins og var varaformaður þess, en þá vildi svo til að formaðurinn dó og ég tók þá við keflinu sem formaður. En það þótti náttúrulega ekki hægt að kona væri formaður félagsins og því voru nokkrir karlar alltaf að bjóða sig fram á móti mér, þetta voru bestu vinir mínir, en ég stóðst það alltaf. Sagan segir okkur líka að oftast er farið á móti konum í þessari stöðu en körlum. Þannig er nú það. Þetta var ævintýri í sjálfu sér,” segir Sjöfn og hlær.

“

**Ég er vinstrisinnuð, aðhyllist félagshyggju og að mannréttindi séu virt í hvívetna. Því skildi ég það bara mjög vel á þeim árum þegar önnur stéttarfélög urðu til þegar starfsstéttir vildu sameinast um sín sérfræðistörf og menntun í nýjum félögum. Þá fór það fólk úr félaginu og bjó til ný félög; fóstrur, sjúkraliðar og fleiri. Það var töluvert brak í kringum þetta.**

„Ég man eftir mörgu elskulegu og góðu samstarfsfólki, til dæmis Gunnari Inga Jónssyni, sem hóf störf hjá félaginu 1980. Hann kom frá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar sem þá hét, síðar Skýrr, og var þaukunnugur félaginu þegar hann byrjaði því hann sat í fulltrúaráði þess, var í kjörstjórn og sat í úthlutunarnefnd orlofshúsa, kom að skipulagningu í félaginu og vann félagsstörf fyrir BSRB. Hann sá um útreikninga kjarasamninga en sinnti mörgum hlutverkum eins og starfsfólkið allt gerði gjarnan í þá tíð. Mjög vandaður og hæglátur maður hann Gunnar Ingi. Svo var hún Birna Stefánsdóttir sem var allt í öllu, glæsileg og yndisleg kona, og auðvitað elskulegir vinir mínir Gísli Árni Eggertsson, varaformaður, sem vann með mér í mörg ár og Ása Clausen sem var iðin við sína vinnu og sá um fjármálin. Síðan kom hún Jakobína mín Þórðardóttir til starfa. Við vorum fá en samhent og þetta var bara mín vinna og þetta var bara fólkið mitt í þessari stéttarfélagsbaráttu.

### **Fannst brjáluð tilhugsun að sameinast SFR**

Ég er vinstrisinnuð, aðhyllist félagshyggju og að mannréttindi séu virt í hvívetna. Því skildi ég það bara mjög vel á þeim árum þegar önnur stéttarfélög urðu til þegar starfsstéttir vildu

sameinast um sín sérfræðistörf og menntun í nýjum félögum. Þá fór það fólk úr félaginu og bjó til ný félög; fóstrur, sjúkraliðar og fleiri. Það var töluvert brak í kringum þetta. Eftir var í félaginu allt það starfsfólk sem vann í grunnþjónustu borgarinnar og svo háskólafólk, það var ánægt innan félagsins en á sama tíma var BHM að verða til og forystufólk þar innanborðs var ekki ánægt með það og sótti að háskólafólki að ganga í sínar raðir. Síðan vildu slökkviliðsmenn stofna sitt eigið félag og gegn því var nokkur mótvindur, eftir svolítið ströggil ákváðum við að styðja stofnun þess félags, kaupa handa þeim kampavín og óska þeim til hamingju og velfarnaðar. Mér er enn í dag boðið í alls konar afmæli og uppákomur hjá Félagi slökkviliðsmanna. Þeir gleyma þessu ekki. En svona var þessi sjálfstæðisbarátta félaganna. Allir vildu sérfélög. Nú er þetta að snúast við og er að mörgu leyti gott fyrir baráttuna.

Auðvitað er ekki hægt að standa á móti vilja fólks og þess vegna er það mótsögn að finnast sameining St.Rv. og SFR í Sameyki alveg brjáluð tilhugsun á sínum tíma. Ég var búin að vinna með SFR í svo mörg ár og ég sá ekki tilganginn, það er allt annað mál, og það var bara mín skoðun. En ég óska Sameyki gæfu og gengis. Parna er gott fólk og sumt tengt mér enn og mér list bara vel á formanninn sem kemur úr ÍTR. Mér skilst að nú sé meirihluti í félaginu starfsfólk Reykjavíkurborgar, í kringum sex þúsund manns, að meirihluta konur. Áður voru fimm þúsund í SFR og þrjú þúsund í St.Rv. – tímarnir breytast og það er ekkert skrítið að minni félög sameinist,” segir hún.

### **„Lucky Strike“**

„Ég gerði kjarasamninga við marga borgarstjóra og þetta var undantekningarlaust þægilegt og gott fólk. Ég held samt að Davíð þegar hann var borgarstjóri hafi ekki átt von á því að taka á móti mér í kjaraviðræðum, konu og í þokkabót vinstra megin í pólitíkinni, en ég mætti aldrei öðru en virðingu og hann stóð alltaf við alla samninga. En stéttarfélög eru auðvitað alltaf fyrst og mannréttindafélög – biddu fyrir þér. Við verðum að tala um mennskuna sjálfa. Fólk má ekki gleyma því og ég vona að það leggist ekki af að stéttarfélögin eru grunnstoðir samfélagsins, það er ekkert öðruvísi,” segir Sjöfn og bankar í borðið orðum sínum til staðfestingar.

„Verkfallið 1984 var líka erfitt að mörgu leyti, og þá kom að því að skortur fór að verða á alls konar neysluvörum, mjólk og brauði, kaffi og fleira sem heimilin þurftu á að halda. En einnig var skortur á áfengi og sigarettum, jú sjáðu, í þá daga reykti næstur hver kjaftur. Nú vantaði okkur þær og mér datt í hug því ég er Húnvetningur að fá einn kunningja minn til að vita hvort hann rækist á slíkt í kaupfélagi Húnvetninga á Blönduósi. Þó það nú væri var svarið. Í bæinn kom hann svo með kerton af sigarettum fyrir mannskapinn. Þær voru orðnar svo gamlar og þurrar að má segja að þær hafi fuðrað upp við fyrsta smók. En hvað heldurðu að þær hafi heitið,” spyr hún. Camel? svara ég. „Nei, þær hétu LUCKY STRIKE,” svarar Sjöfn og skellihlær.

„Það var viðeigandi nafn fannst okkur félögunum. En heilt á lítið voru þetta bara glöð og góð ár, ég kynntist mörgu skemmtilegu og eftirminnilegu fólki sem formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þessi fimmtán ár sem ég var formaður og árin þar á undan,” segir Sjöfn að lokum. ■

# Starfsmatið eitt af áfangasigrunum

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Garðar Hilmarsson var um langt árabíl rödd í baráttu fyrir réttindum og kjörum starfsfólks Reykjavíkurborgar. Þegar hann tók við formennsku Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar árið 2006 hófst nýr kafli í starfi félagsins, þar sem áhersla var lögð á að styrkja samningsstöðu, efla samtakamátt og tryggja að sjónarmið og reynsla fólksins sem heldur borginni gangandi fengju meira vægi við borðið. Undir hans forystu var unnið markvisst við að bæta starfsumhverfi og launakjör, auka jafnræði milli ólíkra starfshópa og festa í sessi skýrari vernd í kjarasamningum – með áfangasigrum sem skiptu félagsfólk verulegu máli í daglegu lífi.

Einn af áfangasigrum í formannstíð Garðars var innleiðing starfsmats hjá Reykjavíkurborg. Með starfsmatinu var stigið mikilvægt skref í átt að gagnsærra og réttlátara launakerfi, þar sem störf voru metin á kerfisbundinn hátt óháð kyni, starfsheiti eða hefðbundinni stöðu í skipuriti. Starfsmatið varð grundvallartæki í baráttu fyrir launajafnrétti og auknu jafnræði, og hafði víðtæk áhrif á launaþróun fjölda starfshópa innan borgarkerfisins.



Garðar hafði jafnframt áhrif á stærri myndina í samstarfi við SFR og síðar sem varaformaður Sameykis að tengja saman reynslu og þarfir starfsfólks sveitarfélaga, byggja brú milli ólíkra vinnustaða og tryggja að sameiginlegir hagsmunir næðu fram að ganga í samningum og stefnumótun.

## Starfsmatskerfið mikilvægt

Hvað stendur upp úr í formannstíð þinni í St.Rv., mikilvægast eða erfiðast á þessum þrettán árum?

„Þetta er góð spurning og stór sem spannar langan tíma. Ég hef aldrei litið á eitt né neitt í minni formannstíð sem erfið. Þetta voru bara verkefni sem þurfti að sinna. Ég vil nefna þegar við vikkuðum út samningaumboðið þegar ég var formaður B-hlutans í félaginu, sem var sérstök deild innan St.Rv. sem náði til starfsmanna Reykjavíkurborgar sem ekki höfðu full réttindi opinberra starfsmanna, einkum hvað varðaði lífeyrisréttindi og ráðningarkjör. Síðan var kannski mesta

“

Ef við erum algjörlega hreinskiptin, þá væri skynsamlegt að starfsmatið yrði tekið upp fyrir allt félagsfólk. Ég byggi það á þeirri skoðun minni, og reynslu, að launajafnréttinu væri betur framfylgt með því en stofnanasamningum.

þuðið í raun þegar ég var starfsmaður félagsins að koma á starfsmatinu. Það var hörku vinna, en á sama tíma mikið af flottu fólki sem kom að því starfi frá öllum aðilum,“ segir Garðar.

Hann segir að mesta vinnan við gerð starfsmatsins, sem markaði þáttaskil hjá ófaglærðu starfsfólki Reykjavíkurborgar, hafi verið að verðmeta, skilja og greina hvert starf og hvað það fengi mörg stig í starfsmati sem hefði áhrif á hvar það lenti í launatöflunni.

„Við þurftum að skilgreina alla þætti hvers starfs og hvað væri eðlilegt að meta mörg stig á hvert starf. Þetta voru þrettán þættir sem skilgreina þurfti vel og sjónarmið mín fyrir hönd okkar félagsfólks voru stundum á skjön við sjónarmið vinnuveitenda, og þá þurfti að komast að samkomulagi um niðurstöður. Þetta tók allt sinn tíma. Starfsmatskerfið var ákveðið þegar Sjöfn var formaður og mér var fengið það verkefni að vinna í því sem fulltrúi í starfsmatsnefnd, og það hélt svo áfram í minni formannstíð, og var ég fulltrúi félagsins

í verkefninu. Áður hafði verið reynt að setja á einfaldara starfsmat en það gekk ekki upp. Við reyndum að halda í það en einfalda það um leið vegna þess að það var fullmikið frelsi um að túlka það eins og það var, þó það væri byggt á samþykktum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar. Starfsmatið snýst ekki bara um hæfni heldur skilgreiningu á kröfum sem gerðar eru til starfsins og hefur þá áhrif á grunnlaunin. Þegar ég tek svo við formennskunni af Sjöfn, en ég var ritari í stjórninni, erum við á ákveðinni vegferð með þessa vinnu og starfsfólk skrifstofunnar tekur þá við boltanum og heldur áfram vinnunni við gerð starfsmatsins, en þessari vinnu lýkur aldrei því starfsmatið er lifandi verkefni.“

## Starfsmatið eitt og stofnanasamningar annað

Garðar segir að félagsfólk í Sameyki ætti að heyra allt undir starfsmatið fremur en að vera með stofnanasamninga.

„Ef við erum algjörlega hreinskiptin, þá væri skynsamlegt að starfsmatið yrði tekið upp fyrir allt félagsfólk í Sameyki. Ég byggi það á þeirri skoðun minni, og reynslu, að launajafnréttinu væri betur framfylgt með því en stofnanasamningum.



Stjórn St.Rv. 2012, fremri röð f.v. Ása Hauksdóttir, Ingunn Hafðís Þorláksdóttir, Herdis Jóhannsdóttir, Ingvaldur Jónsdóttir, Sigrún Jónsdóttir og Guðríður Sigurbjörnsdóttir. Aftari röð f.v. Eiríkur B. Finnsson, Garðar Hilmarsson, Ármann Pétursson, Gunnar Rúnar Matthíasson, Jón Bergvinsson og Jónas Engilbertsson.

Stofnanasamningur þýðir að einn stofnanasamningur sé sterkari en annar vegna þess að stofnanirnar eru ólíkar í eðli sínu. Önnur safnar peningum en hin ekki og er þannig háð því að henni sé lagt til fé. Sama gildir um jafnlaunavottunina að þegar hún er byggð bara á einni stofnun er skekkja í launum í sömu störfum milli stofnana. Sumar stofnanir safna peningum eins og ég sagði á meðan aðrar eru fjársveltar. Þarna er augljós skekkja sem hefur áhrif á gerð stofnanasamninga. Þess vegna er skynsamlegra að notast við starfsmatið og meira jafnræði verður þá á milli stofnana,“ segir Garðar.

## Starfsfólkið þarf að vera með félagshyggjuna í blóðinu

Hann segir að starfsfólk stéttarfélagsins sé starfandi á sömu forsendum og aðrir sem eru félagslega kosnir. Félagið

er eign félagsfólks og það verði fólk alltaf að hafa hugfast sem kemur til starfa fyrir verkalýðshreyfinguna.

„Ég reyndi sem formaður að halda vel í starfsfólkið, það hætti enginn í starfi sem byrjaði að vinna fyrir félagið og samstarfið gekk vel. Mikilvægt er að halda í þekkingu og reynslu starfsfólksins. Það er alveg lykilatriði,“ segir hann.

„Ef starfsmaður sem kemur til starfa í verkalýðshreyfingunni er ekki meðvitaður um hlutverk sitt sem starfsmaður hreyfingar þá verða þeir sem eru kosnir að gera starfsmanni sínum það ljóst. Skóla fólk til í starfi, en alls ekki með einhverjum látum, heldur með samtali og upplýsingum. Yfirleitt er þó fólk sem ræður sig til stéttarfélags með félagshyggju í blóðinu. Að þessu sögðu þurfti ég aldrei að kenna fólk þetta sem kom til starfa í félaginu, ég hjálpaði því kannski, en þurfti aldrei að prenta í það þessi viðhorf

“

Þegar ég tek við var nýfrjálshyggjan gengin í garð. Verkefnin voru þau að verja störf því að pólitíkin í borginni var í óða önn að stofna ehf.-félög um hina og þessa starfsemi borgarinnar. Það var alveg sama hvaða flokkar tóku við borgarstjórninni, þessi einkavæðingarstefna hélt bara linnulaust áfram.

sem fylgja félagsstarfinu. Hjarta þess sló með í baráttunni fannst mér og aldrei og alls ekki að böðlast með nokkrum hætti á fólk, það var ekki minn still. Við vorum samhent og unnum verkin vel og héldum fast í stofnanaminnið,“ segir Garðar um starfsfólkið í félaginu.

### Stofnun Sameykis hófst upp úr 1997

En hvað telur þú að hafi vegið þyngst að Starfsmannafélag Reykjavíkur og SFR sameinuðust í eitt félag?

„Ástæðan fyrir því að ég var inn á þessari línu er ákveðinn aðdragandi sem hófst rétt fyrir aldamótin. Aðdragandi þess var að þessi félög höfðu haft samstarf um ýmsa þætti í starfi félaganna frá 1997. Á þessum árum var formaður í SFR Sigríður Kristinsdóttir og Sjöfn Ingólfssdóttir í St.Rv. Báðar vinstrisinnaðar konur sem gegndu formennsku í stéttarfélögum opinberra starfsmanna, sem var í sjálfu

sér nýtt. Ég varð stundum var við ákveðið ergelsi á milli stóru félaganna og þessara minni innan BSRB þarna á upphafsárunum mínum þegar ég kem ungur og grænn til starfa í hreyfingunni. Að því sögðu var heldur engin sérstök elska á milli SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. En þegar Sigríður og Sjöfn taka við fórum við og SFR að vinna saman í alls konar málum. Það var bara hagstætt félögunum og við vorum lengi saman á fjórðu hæðinni í BSRB-húsinu þangað til að félögin sameinuðust. Þær sem formenn stóðu með hvor annarri í baráttunni og þetta ferðalag þeirra að vinna saman gerði framhaldið að sameiningunni auðveldara. Það samstarf var í stöðugri þróun hjá starfsmönnum og nefndarmönnum í þeim málaflokkum sem samvinna var um. Síðan var það árið 2011 þegar þegar St.Rv. og SFR gáfu út sameiginlegt blað undir nafninu *Blað stéttarfélaganna* sem samstarf félaganna jókst enn frekar.

### Nýfrjálshyggjan gengur í garð hjá Reykjavíkurborg

Þegar ég tek við var nýfrjálshyggjan gengin í garð. Verkefnin voru þau að verja störf því að pólitíkin í borginni var í óða önn að stofna ehf.-félög um hina og þessa starfsemi borgarinnar. Það var alveg sama hvaða flokkar tóku við borgarstjórninni, þessi einkavæðingarstefna hélt bara linnulaust áfram. Fólk var alveg horfið frá þeirri hugmynd að fyrirtæki borgarinnar og þjónustan ættu að vera í eignarhaldi almennings. Einkaaðilarnir höfðu horn í síðu þjónustunnar á vegum borgarinnar en líka ríkisins því þessi fyrirtæki voru rekin sem „non profit“ og það hélt töxtum niðri á einkamarkaðnum. Síðan fer Borgarspítalinn til ríkisins og við það þurftum við í St.Rv. að fara að semja við ríkið, og alveg eins hjá SFR sem þurfti að fara að semja við borgina. Þetta var því farið að blandast töluvert og er annar þáttur í því að skynsamlegt var að sameina félögin.

### Fleiri stéttarfélög ættu að sameinast

Allt þetta flot sem varð hvernig pólitíkin ætlaði að reka sín fyrirtæki gerði það að verkum að mér fannst að við yrðum að geta náð utan allt opinbert starfsfólk sem starfar hjá ríkinu, Reykjavíkurborg og sveitarfélögum eins og hægt væri. Ég varð því alltaf sannfærðari að við þyrftum sameiningu því sameinuð stöndum við en sundruð föllum við. Við þurftum að búa til alvöru afl þar sem trúnaðarmenn félaganna skipta svo miklu máli alltaf í körfugerðum og samningum. Við vorum alltaf opin fyrir sameiningu og tókum bæði við starfsmannafélagi Seltjarnarness og Akraness þegar þau vildu koma inn í St.Rv., og breyttum lögum til að svo mætti verða.

Ég held að starfsmannafélögin í nágrenni Reykjavíkur ættu að sameinast Sameyki eða mynda stærra félag til að ná fram ákveðnum krafti sem þarf í verkalýðsbaráttunni. Eins held ég að BSRB sé algjörlega nauðsynlegt bandalag sem vinnur að því að ná samtali á stærri vettvangi og leiða ákveðna baráttu sameinaðra opinberra starfsmanna áfram inn í framtíðina,“ segir Garðar Hilmarsson að lokum. ■



„Félagsfólk mun hafa aðgang að mun betri þjónustu en við getum veitt, bæði heilli kjaradeild og ýmissi annarri þjónustu hvað varðar sjúkrastyrki og orlofshús. Þetta er jú þjónusta sem við getum illa veitt okkar fólki vegna þess að félagið er einungis með tvo starfsmenn sem sinna félagsfólkinu. Við sem lítið félag höfum alltaf þurft utanaðkomandi aðstoð við ýmis úrlausnarefni sem Sameyki hefur innan síns félags.“

# Póstmannafélag Íslands og Sameyki skoða sameiningu

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson



Jóhanna Fríður Bjarnadóttir er formaður Póstmannafélags Íslands sem stofnað var árið 1919 en má rekja allt til ársins 1776 þegar Kristján VII gaf út tilskipun um að komið skyldi á pósthverfum innanlands á Íslandi. Póstmannafélagið er meðal elstu stéttarféлага á Íslandi og stéttin hefur staðið vel saman í árunum sínum. Á árunum frá 1980 til 1997 voru miklir uppgangstímar; póstur jókst gríðarlega og félagsmönnum fjölgaði hratt. Um aldamótin fór félagsmönnum að fækka vegna ýmiss konar hagræðingarstarfsemi Íslandspósts. Nú eru breyttir tímar í pósthjónustu landsmanna en núna telur félagið 377 félagsmenn og til stendur að það sameinist Sameyki.

**Styrkur en ekki veikleiki að sameinast**  
Sameining vekur oft spurningar hjá félagsfólki. Hvernig má

það vera þess fullvisst að réttindi þess skerðist ekki við þessa sameiningu?

„Í fyrsta lagi, og það er mikilvægt í þessu sambandi, er að réttindi skerðast ekki við þessa sameiningu. Kjarasamningurinn flyst í raun yfir og allt félagsfólk mun halda sínum áunnu réttindum áfram. Ég tel það vera mikinn styrk fyrir okkur að félögin sameinist því í Sameyki er mikil sérþekking. Félagsfólk mun hafa aðgang að mun betri þjónustu en við getum veitt, bæði heilli kjaradeild og ýmissi annarri þjónustu hvað varðar sjúkrastyrki og orlofshús. Þetta er jú þjónusta sem við getum illa veitt okkar fólki vegna þess að félagið er einungis með tvo starfsmenn sem sinna félagsfólkinu.

Við sem lítið félag höfum alltaf þurft utanaðkomandi aðstoð við ýmis úrlausnarefni sem Sameyki hefur innan síns félags. Ég tel það mikinn styrk fyrir réttindi okkar fólks en ekki veikleika að fara yfir í Sameyki. Þetta er einfaldlega ábyrgð

okkar að fara í þetta verkefni sem er bæði stórt og sterkt því Sameyki er öflugur viðsemjandi. Það verður enginn svikinn að fara þarna yfir," segir Jóhanna Fríður og brosir.

## Íþyngjandi rekstur

Af hverju hófuð þið þessa vegferð?

„Vegna þess að félagsfólki fer fækkandi sem hefur áhrif á rekstur félagsins. Við í stjórninni töldum betri kost af tveimur að semja við Sameyki frekar en að selja eignir félagsins sem augljóslega er ekki best fyrir framtíð okkar félagsfólks.

“

Auk þess er samkeppni í pósthjónustu hérna innanlands og við höfum verið ósátt við að einkaaðilar beita fyrir sig dreifingu bréfa sem fjáröflunarleið, þannig að ungir krakkar eru að bera út póst á landsbyggðinni undir því yfirskini að um fjáröflun sé að ræða. Það er ábyrgðarhlutverk að bera út póst og okkar félagsfólk þarf að fara eftir reglum en ekki þessir krakkar sem eru ekki í stéttarfélögum, fara því ekki eftir kjarasamningum og njóta þar af leiðandi engra réttinda.

Það blasir við að styrkurinn í kjarabaráttunni liggur í fjölda og samstöðu sem Sameyki hefur. Þá eru orlofseignir okkar íþyngjandi fyrir rekstur félagsins, við höfum t.d. ekki ráð á því að ráða umsjónarmenn í Reykjavík, heldur vinn ég sjálf og framkvæmdastjórinn, Sigrún Ómarsdóttir, við að sinna þeirri eign, oft á ýmsum tímum sólarhringsins. Til að viðhalda rekstrinum á réttu róli hefðum við þurft að selja frá félaginu orlofseignir en það hefði verið erfitt að gera vegna þess, eins og í Munaðarnesi, þá eiga aðildarfélög BSRB orlofssvæðið og ekki hægt að selja hverjum sem er. Það fylgir því mikill kostnaður að halda þessum orlofseignum úti. En nú mun þessi staða breytast þegar Sameyki tekur við rekstri orlofshúsa félagsins, en það mun þá hafa aðgang að fjölbreyttari orlofseignum víðs vegar um landið og á Spáni. Það er bara þannig að við erum með of fáa félagsmenn til að standa undir



Jóhanna Fríður bendir á að skortur á afli geri það að verkum að erfitt sé að taka stór skref í réttindabaráttu og að mikilvægt sé að hafa meira afl að baki sér til að geta farið af fullum þunga í baráttuna.

rekstrinum og því miður þurftum við að selja eina orlofseign á Illugastöðum til að halda úti rekstri félagsins sem olli sorg fyrir okkur sem erum í félaginu," segir hún alvarleg í fasi.

## Bréfpóstar liðin tíð

Við sjáum þessa breytingu á pósthjónustunni hér á landi en líka í Danmörku þar sem danski bréfpósturinn, PostNord, hætti að senda bréf í desember sl. en fyrirtækið einbeitt sér nú að stærri pökkum og lætur einkafyrirtæki um að senda þau fáu bréf sem enn eru send. Er þetta líka þróunin hér á landi?

„Já það er mjög hröð þróun í þessa átt hérna líka. Auk þess er samkeppni í pósthjónustu hérna innanlands og við höfum verið ósátt við að einkaaðilar beita fyrir sig dreifingu bréfa sem fjáröflunarleið, þannig að ungir krakkar eru að bera út póst á landsbyggðinni undir því yfirskini að um fjáröflun sé að ræða. Það er ábyrgðarhlutverk að bera út póst og okkar félagsfólk þarf að fara eftir reglum en ekki þessir krakkar sem eru ekki í stéttarfélögum, fara því ekki eftir kjarasamningum og njóta þar af leiðandi engra réttinda. Þannig beita þessi einkafyrirtæki sér á þessum „markaði“ og við erum auðvitað ósátt við það. Þá komum við aftur að því að okkur skortir aflið því við viljum geta tekið stærri skref í réttindabaráttu sem þessari. Því er það kostur að geta verið með meira afl bak við okkur til að geta farið í þessa baráttu," segir Jóhanna ákveðin.

Jóhanna Fríður segir að óvissa sé um hvernig pósthjónustan verði í framtíðinni. Breytingar á þjónustunni eru staðreynd og fólk og fyrirtæki hefur tileinkað sér tæknina í samskiptum. Hún segir að nú séu hjólapóstar teknir við hlutverkinu því lengra er á milli afhendingarstaða og færri bréf borin út en nokkur sinni áður.

„Arftakar bréfberanna eru hjólapóstar en meðal félagsfólks eru hjólapóstar, póstaðgreiðslufólk, póstbilstjórar og starfsfólk í póstmíðstöðvum sem starfar í innflutningsdeildum, tölvudeildum, skrifstofum, bögglaðeildum o.fl.“

## Fela sig bak við félagafrélsið

Þá segir Jóhanna Fríður að við annan vanda sé að eiga þegar starfsfólk er skráð í önnur stéttarfélög sem hafa ekki samningsréttinn. Hún segir að starfsfólkið eigi að geta valið sitt stéttarfélag en borið hefur á þekkingarleysi stjórnenda vinnustaðanna og skorti á útskýringum hjá vinnuveitendum um samningsréttinn. Starfsfólk sem starfar undir kjarasamningi PFÍ á að vera í félaginu. Þetta sé erfitt við að eiga og krefjist bæði mannafla og krafts að breyta.

„Það sem líka hefur breyst er að fólk sem starfar á pósthúsum og tilheyrir okkar kjarasamningi er í öðru stéttarfélagi þrátt fyrir að vera starfandi samkvæmt okkar kjarasamningi. Við eigum samningsréttinn fyrir þetta fólk og réttilega á það því að vera í Póstmannafélaginu. Þessu þurfum við að koma á framfæri en vinnuveitendur hafa ekki réttan skilning á þessum málum, kalla þetta félagafrélsi og yppta öxlum. En félagafrélsi er það að geta valið um það stéttarfélag sem semur í kjarasamningum fyrir viðkomandi stétt eftir starfi og menntun. Þetta er þekkt en stéttarfélög þurfa mannskap og afl til að sækja samningsréttinn til sín að réttu. Það skiptir máli að fólk sé á réttum stað í sínum stéttarfélögum en því miður höfum við ekki burði til að fara í þessi mál af þeim krafti sem þarf til að sækja þessi réttindi. Því miður höfum við líka mætt þeim viðhorfum fyrirtækjanna og jafnvel víðar að í landinu gildi félagafrélsi, en þetta er í raun ekki rétt, stéttarfélögin semja fyrir sitt félagsfólk og það er ekki hægt né rétt að fela sig bak við hugtakið félagafrélsi í þessum málum. Ég og Sigrún munum beita okkur fyrir þessu ef við förum yfir í Sameyki, sem við vonum að verði en það verður ákveðið af félagsfólki á aðalfundi beggja félaga í mars,“ segir Jóhanna.

Jóhanna segir að öll réttindi félagsfólks haldist óbreytt við sameininguna og trúnaðarmenn PFÍ halda einnig réttindum sínum og verða hluti af Trúnaðarmannaráði Sameykis. Framundan sé að fara í heimsókn á vinnustaðina og kynna sameininguna fyrir félagsmönnum.

„Við munum kynna sameininguna vel fyrir okkar félagsfólki. Ætlum að fara út á vinnustaðina, spjalla við okkar fólk og kynna fyrir því réttindi þess og þá auknu möguleika sem í þessu felst fyrir það.“

## Hóf störf 13 ára hjá Póstinum

Jóhanna hóf störf hjá Pósti og síma aðeins 13 ára gömul þegar hún bar út bréf hjá póstmíðstöðinni í hverfi 104 í Reykjavík yfir jólahátíðarnar. Eftir tíunda bekk fór hún í sumarvinnu á sama stað, eftir framhaldsskóla vann hún á póstinum en eftir að börnin hennar komu í heiminn hætti hún sem bréfberi og starfaði við afgreiðslu hjá Póstinum. Innan um bréf og böggla hefur Jóhanna starfað alla sína tíð og þá kom að því að hún varð formaður Póstmannafélags Íslands.

„Eftir þessi sumur sem bréfberi fór ég að vinna inni í pósthúsinu við flokkun og ýmis tilfallandi störf, síðan fór ég að leysa af við afgreiðslu þegar ég var orðin ólétt. Ég starfa þar allar götur til ársins 1999 þegar hverfisstöðin 104 lokar. Upp



„Það skiptir máli að fólk sé á réttum stað í sínum stéttarfélögum en því miður höfum við ekki burði til að fara í þessi mál af þeim krafti sem þarf til að sækja þessi réttindi.“

úr því skiptist fyrirtækið í tvennt og úr verður Íslandspóstur sem ég starfaði hjá til 2005, en árið 2006 tek ég við starfi þar sem afgreiðslustjóri niðri Pósthússtræti. Síðan fer ég á milli pósthúsa, er á Rauðarárstíg og flyt svo með þeim upp í Skipholt, í R5 sem þá hét. Þaðan fer ég í starf stöðvarstjóra á R1 sem í gamla daga bar heitið póstmestari,“ segir Jóhanna og skellir upp úr. „Ég fékk aldrei þann titil sko, en ég er póstmestari í hjarta mínu,“ bætir hún við hlæjandi.

„En svo fer ég upp í Mjódd og endaði svo hér,“ segir hún skelliðhlæjandi. „Þetta vildi þannig til að í kringum 2021 spurði fyrrum formaður, Jón Ingi Cæsarsson, hvort ég hefði áhuga á að bjóða mig fram til formanns í félaginu. Blessuð sé minning hans. Mér þótti vænt um traustið, bauð mig þó ekki fram en fór síðar í stjórn félagsins. Loks kom að því að ég tók við sem formaður 2021 þegar Jón Ingi hættir. Þannig er nú þessi saga,“ segir Jóhanna Fríður að lokum. ■

# „Baráttan verður alltaf að vera sýnileg“

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson



Við Birgir Ísleifur Gunnarsson, ljósmyndari, settumst niður með Ögmundi Jónassyni á fallegu heimili þeirra hjóna við Grímsstaðaholtið og fórum yfir langa sögu hans í verkalyðsbaráttu, pólitískum átökum og hugmyndafræðilegum straumum sem hafa mótað íslenskt samfélag í hans tíð. Fljótlega verður okkur Bigga ljóst að fyrir honum snýst þetta ekki um einhverja fortíðarþrá eldur skilning Ögmundar á samtímanum. Hann segir að samfélagið sé alltaf á hreyfingu og ekkert gerist af sjálfu sér – hvorki framfarir né bakslag.

Ögmundur rifjar upp hvernig nýfrjálshyggjan hafi verið flutt inn á færibandi undir lok síðustu aldar og hvernig markaðshugsunin fór smám saman að grafa um sig í samfélaginu og smjúga inn í velferðarkerfið, innviði og daglegt líf fólks með slæmum afleiðingum fyrir almenning. Hann hafnar því að verkalyðshreyfingin hafi sifið á verðinum og lýsir hvernig BSRB stóð vaktina þegar reynt var að nota frið þjóðarsáttarinnar og alþjóðasamninga til að grafa undan opinberri þjónustu. Núna telur hann stöðuna þungbæra, segir að rödd launafólks hafi veikt, misskipting aukist og baráttan þurfi enn og aftur að verða sýnileg því án hennar halli jafnvæginu hratt á kostnað almennings.

## Innfluttar hugmyndaveitur nýfrjálshyggjunnar

Ögmundur segir að þjóðfélagið sé alltaf á hreyfingu og að fortíðin gegni lykilhlutverki í samtímanum. En hversu mikilvæg er fortíðin í nútíðinni þegar við ræðum um baráttumál verkalyðshreyfingarinnar? spyr ég Ögmund.

„Fortíðin gegnir lykilhlutverki í samtímanum, skilningur á fortíðinni minnir á það að þjóðfélagið er á stöðugri hreyfingu og við erum jafnframt minnt á það að ekkert gerist af sjálfu sér. Það eru alltaf gerendur. Verkalýðshreyfingin var gerandi ásamt félagslegum öflum í stjórnmálum í að móta velferðarsamfélag um miðja tuttugustu öldina og var þá byggt á baráttu fyrri tíðar manna. Þá var lagður grunnur að þeirri hugsun að allir ættu að hafa rétt til heilbrigðisþjónustu, til mennta, til að geta ferðast um, til frístunda, til þess að njóta náttúrunnar o.s.frv. óháð efnahag hvers og eins. Inn í gangverk samfélagsins voru byggðir hvatar í þessa veru, en þessum hvötum og þeim markmiðum sem samfélagið setur sér er líka hægt að breyta, og það var gert á tíunda áratug síðustu aldar á því breytingaskeiði sem átti sér stað í kjölfar innleiðingar nýfrjálshyggjunnar sem hófst undir lok áttunda áratugarins.

Thatcher og Reagan komust til valda, Sovétríkin féllu sem raskaði heimsmyndinni og hafði miklar afleiðingar inn í samfélagin, óháð afstöðu til Sovétríkja sem slíkra. Þessar breytingar komu miklu róti á alla pólitík. Nýfrjálshyggjan verður mjög frek fljótlega upp úr þessu,“ segir Ögmundur og brosir við.

„Það voru settar upp hugmyndaveitur og streymdu trúboðar til landsins að boða fagnaðarerindi kapítalismans. Minnisstæður er furðufuglinn dr. Pirie sem kom hingað á vegum atvinnurekenda. Honum þótti við hæfi að kynna erindi sitt með tíu boðorðum um hvernig stjórnvöld skyldu bera sig að við að markaðsvæða samfélagið, allt í litlum skrefum því annars fengju menn þjóðarviljann upp á móti sér. Það voru skiljanlegar áhyggjur því nú skyldi almannahagur ekki lengur vísa veginn, velferð fyrir alla „frá vöggu til grafar“ eins og það hafði heitið. Nú var því trúað að allt yrði betra með því að hver og einn skaraði eld að sinni köku og nú var tekið til við að setja slíka hvata inn í gangverk samfélagsins. Allt skyldi sett á markað, líka sjúklingar sem nú yrðu viðskiptavinir. Öll samskipti manna skyldu fara fram á viðskiptagrunni þar sem peningar réðu ferðinni, ekki mannlegar þarfir. Þessi nýfrjálshyggjustefna hefur sett æ meiri svip á samfélag okkar, aðgangur að þjónustu sem áður var öllum opin er í vaxandi mæli háður fjárráðum hvers og eins, frístundir barnanna okkar kosta, það kostar að vera veikur og það kostar að njóta náttúrunnar. Markaðshyggja nýfrjálshyggjunnar læðist aftan að okkur að hætti dr. Pirie og krefst meiri og hærri gjalda fyrir það eitt að fá að vera til. Þetta hefur nýfrjálshyggjunni tekist að gera í samfélagi okkar í alltof ríkum mæli,“ segir Ögmundur og lyftir vísingri viðmælanda til glöggvunar.

## Friðurinn misnotaður í þágu markaðsaflanna

En heldurðu að verkalýðshreyfingin hafi sofði í þessum mikla uppgangi hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar, og áttu Þjóðarsáttarsamningarnir einhvern þátt í að svæfa hreyfinguna?

„Nei, síður en svo,“ svarar Ögmundur og hvessir örlítið brúnir. „BSRB sofnaði í það minnsta ekki á þessum verði. Aldeilis ekki. Við tókum þátt í þjóðarsáttinni á sínum tíma til þess að ná niður

verðbólgu og vöxtum sem alla voru að sliga. Við vorum tilbúin að taka þátt í þjóðarsátt til þess að ná niður húsnæðiskostnaði en einnig vakti það fyrir okkur að ná utan um launakerfin sem sumir vildu stefna inn í frumskógin með svokölluðum markaðslaunum. Að sumu leyti hafði BSRB forystu um undirbúning þjóðarsáttarinnar, við tókum höndum saman við öfl í Verkamannasambandinu sem vildu skammtímasamning svo hægt væri að undirbúa langtímakjarasamning og þjóðarsátt. Að undirlagi okkar voru sett inn í samninga vorið 1989 verðlagsákvæði sem tengdu laun og verð á landbúnaðarvörum. Þegar verð þeirra hækkaði umfram væntingar var efnt til mikilla mótmæla og bandalagið var þannig komið inn í farveginn sem síðar var kenndur við þjóðarsátt. Sú nafngift úreltist hins vegar fljótt því þjóðin var ekki lengi að baki sáttinni. Við hjá BSRB vildum komast undan henni þegar ljóst varð að til stæði að misnota friðinn til þess að hækka opinber gjöld á almenning, innræta kostnaðarvitund á spítalaganginum eins og það var kallað.“

## Steinsofandi stjórnkerfi

„Við vorum mjög meðvituð um hvað vakti fyrir peningafrjáls-hyggjunni hér á landi svo og erlendis því þessar breytingar voru í farvatninu um allan heim. Við sendum starfsmenn BSRB til Nýja-Sjálands til að afla upplýsinga en það land var þá eins konar tilraunabú hugmyndafræði kapítalískrar markaðs- og nýfrjálshyggju. Þaðan fluttum við inn Jane Kelsey helsta gagnrýnanda nýfrjálshyggjunnar og eina þekktustu fræðikonu heims í greiningum á markaðsvæðingu ríkisins – einkavæðingu og fríverslunarsamningum og hélt hún hér fyrirlestur. Um þessa hugmyndafræði gaf hún út bók sem heitir Rolling Back the State: Privatisation of Power in Aotearoa/ New Zealand. Og hún var ekki sú eina sem við buðum hingað til að ræða þessi málefni. Við buðum tugum fræðimanna og fulltrúa verkalýðshreyfinga til Íslands til þess að ræða þessi mál. Þannig fluttum við hingað inn þekkingu og reynslu sem nýttist í baráttunni.

Þegar alþjóðakerfið fer að þrýsta á um markaðsvæðingu innviðanna með stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um miðjan tíunda áratuginn og sama verður upp á teningnum í Evrópusambandinu, þar sem markaðshyggjan fer að víkja félagshyggjunni til hliðar um sama leyti, vorum við vel með á nótunum og tókum af alefli þátt í slagnum á vettvangi bæði evrópskrar verkalýðshreyfingar og alþjóðlegrar. Við sendum fjöldann allan af BSRB-félögum út til þess að taka þátt í starfi verkalýðshreyfingarinnar, afla upplýsinga og leggja af mörkum, við buðum upp á tungumálanámskeið fyrir þau sem vildu styrkja málakunnáttu sína fyrir þetta starf en samhliða þessu fluttum við inn fyrirlesara. Það er alls ekki ofsögum sagt að BSRB hafi verið það afl sem hélt vöku sinni og tók slaginn á meðan stjórnkerfið var andvaralaust, ef þá ekki steinsofandi. Það komumst við að raun um þegar við bönkuðum þar upp á til þess að vara við GATS-samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna þess að þeir færu langt út fyrir hefðbundin tollamál og ógnuðu opinberri þjónustu, vinnuréttindum og lýðræðislegu sjálfræði okkar; heilbrigðisþjónustu, menntun, félagsþjónustu og stjórnsýslu en í samningsdrögunum var opnað á að öll þjónusta yrði skilgreind sem markaðsvara. Nú fór umræðan líka að taka flugið. Það var vegna þess að BSRB hafði ekki sofnað á verðinum, þvert á móti verið vel vakandi og staðið sína vakt,“ ítrekar fyrrverandi formaður BSRB.



**Þegar alþjóðakerfið fer að  
þrýsta á um markaðsvæðingu  
innviðanna með stofnun  
Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar  
(WTO) um miðjan tíunda áratuginn  
og sama verður upp á teningnum  
í Evrópusambandinu, þar sem  
markaðshyggjan fer að víkja  
félagshyggjunni til hliðar um sama  
leyti, vorum við í BSRB vel með á  
nótunum og tókum af alefli þátt í  
slagnum á vettvangi bæði evrópskrar  
verkalýðshreyfingar og alþjóðlegrar.**

### **BSRB hélt þjóðfélaginu vakandi á móti straumnum**

Ögmundur segir að árangurinn af vöku BSRB hafi verið ótvíræður.

„Ég tel að árangur okkar hafi verið talsverður þótt ekki hafi hann alltaf verið sýnilegur. Það mætti taka samlíkingu frá uppvaskinu í eldhúsinu. Borðbúnaðurinn sem við notum verður óhrein eftir hverja máltíð og er þá þvegin upp.“ Ha! heyrist í blaðamanni. Ögmundur heldur áfram: „Jú, svo gerist það að daginn eftir borðum við aftur af sama borðbúnaði og aftur þarf að þvo upp.“ Ég er ekki viss um hvar þetta endar, hugsá ég með sjálfum mér. „Er það þá þannig að uppþvotturinn frá í gær hafi engum árangri skilað?“ spyr hann mig og hlær. „Nei, þetta er bara stöðug vinna, og ef við hefðum ekki verið að hjá BSRB hefði þjóðfélagið mótast í öðrum farvegi en það gerði. Ég get tekið dæmi. Árið 2003 kom fram stjórnarfrumvarp um að einkavæða vatnsveitur sveitarfélaganna. Okkur tókst að fresta samþykkt frumvarpsins og tókum við upp viðræður við félagsmálaráðuneytið óháð öllum kjarasamningum. Við jöguðumst síðan á um frumvarpið við félagsmálaráðuneytið fram eftir ári. Á endanum tókst að breyta frumvarpinu í þá veru að meirihluta eign skyldi vera á hendi sveitarfélaga og að arð mætti ekki taka út úr starfseminni. Þetta var árangur BSRB sem þó fór aldrei hátt. Ég get nefnt fjölmörg önnur dæmi í þessa veru. Vissulega vorum við að berjast gegn straumnum – þessi barátta var í straumþungu vatni. Og ekki hefur það batnað nema síður sé. Þess vegna er þörf á baráttu sem aldrei fyrr.“

### **Styrkja þarf rödd verkalýðshreyfingarinnar**

En hvernig metur Ögmundur stöðu launafólks og verkalýðshreyfingarinnar nú á dögum – hefur valdahlutfallið á vinnumarkaði færst til út frá verkalýðspólitísku sjónarhorni, í hvaða átt og er hreyfingin með sterka rödd?

„Ekki nægilega sterka rödd. Alls ekki, og hana þarf að styrkja. Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar er margþætt að mínum dómi. Hún á að passa upp á kjörin, laun, ekki síst launajöfnuð og réttindi. Hún á ekki síður að gæta að jafnræði á vinnumarkaði og að við ákvarðanatöku í þjóðfélaginu almennt sé tekið mið af hagsmunum launafólks til að vega á móti áhrifum þeirra sem hafa völdin og fjármagnið á hendi. Slíkt jafnræði smitar út í allt þjóðfélagið og er öllum til góðs, gerir vinnustaðinn heilbrigðari og lífið léttara. Svokölluð mannauðsstjórnun getur aldrei komið í stað fulltrúa verkalýðsfélags við borðið. Með vökulli viðveru þeirra er stuðlað að jafnræði á vinnustaðnum og honum forðað frá því að verða að heimkynnum húsbænda og hjúa. Ef við hins vegar sofnum á verðinum, hættum að beita okkur og berjast, endum við þar.“

Ef við lítum á áfangasigra verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi eða hvar sem er þá hefur ekkert gerst án baráttu, framfarir í þágu almennings gerast aðeins með samstöðu og baráttu. Við náðum að verja lífeyriskerfið árið 1996 vegna þess að í tvö ár höfðum við undirbúið okkur með því að funda með trúnaðarmönnum í öllum aðildarfélögum BSRB. Allir klárir í bátana þegar kallið kom, og við náðum því sem við vildum ná, sennilega okkar mesti sigur á þessu tímabili, skipti gríðarlegu máli í heimilisbókshaldi okkar fólks þegar það komst á efri ár. Alltaf þegar samstöðunnar nýtur við næst árangur. Alltaf,“ segir hann og ég er ekki frá því að kvikni eldur innra með okkur Bigga ljósmyndara. Ég sé að hann leggur frá sé myndavélina, fær sér molasopa og sleppir ekki augum af Ögmundi yfir bollabrúnina.

„Horfum áfram til baka. Þegar Alþjóðaviðskiptastofnunin fer að þröngva áformum sínum niður í kokið á samfélögunum fara samfélögin að rísa upp með þátttöku verkalýðshreyfingarinnar. Þá verður breyting, og þá er bakkað, vegna baráttu hreyfingarinnar. Þannig að baráttan skilar alltaf árangri, en niðurstaða þeirrar baráttu er hins vegar ekki alltaf sýnileg þegar í stað. Um síðir skilar hún sér þó alltaf.“

### **Öllu samfélaginu í hag að hafa sterka verkalýðshreyfingu**

Þegar lítið er yfir sögu verkalýðsbaráttunnar fyrir réttindum og betri kjörum almennings, hvað með þá þróun sem átt hefur sér stað að stjórnvöld keppast nú við að afregluvæða vinnumarkaðinn eins og til dæmis að fella burt skylduaðild í stéttarfélögum á Norðurlöndunum, í Bretlandi og víðar? Þannig hafa markaðsöflin smátt og smátt í tímans rás unnið gegn og svipt fólk réttindum vinnandi fólks sem áður höfðu áunnist með mikilli baráttu?

„Ef við lítum á jafnvægi í samfélaginu sem lykilatriði, þarftu auðvitað að hafa stofnanir eða hreyfingu sem gætir að því að jafnræði sé virt. Það er verkalýðshreyfingin sem gætir að þessu. Menn hafa viljað hrekja fólk út úr verkalýðsfélögum á grundvelli frelsis. Thatcher gerði það á sínum tíma og sagði að sérhver maður ætti að vera frjálss og geta staðið utan verkalýðsfélaga. Ef við fylgjum þessari frelsishugsun eftir frelsishugsun, þá getur

hún hæglega snúist upp í andhverfu sína. Atvinnurekandi getur þá á atvinnuleysistímum sagt við þann sem sækir um vinnu: „Ég vil gjarnan ráða þig, en að því tilskildu að þú standir utan verkalyðsfélaga.“ Þar með hefur launamaðurinn verið sviptur sínu valfrelsi. Meginreglan á einfaldlega að vera sú að allir taki þátt í stéttarfélögum enda njóta allir réttindanna sem þau ná fram. Það er ekki nokkur einasti vafi á því að það er samfélaginu öllu í hag að hafa sterka verkalyðshreyfingu.“

### Samfélagið markaðsvætt

„Það er gjörólíkt samfélag annars vegar þar sem fólk á rétt til velferðarþjónustu og markaðsvæddu samfélagi þar sem aðgengi að þjónustunni er háð því hvað fólk hefur handa á

En nú vil ég spyrja þig út í skattastefnu stjórnvalda í þessu sambandi. Þú varst heilbrigðisráðherra, og það veit þjóðin að hún hefur ekki notið í áratugi sanngjarnra tekna af auðlindum sínum til að reka samfélagið sem bitnað hefur stórkostlega á heilbrigðiskerfinu. Auk þess hefur efnahagsstefna ríkisstjórna þessa lands snúist um að hlífa breiðu bökunum og seilast æ meir í vasa launafólks. Þú hlýtur að hafa skoðun á þessu?

„Ég vil svara þessu með því að að spyrja á móti: Hvort viljið þið borga til heilbrigðiskerfisins á meðan þið eruð fullfrískir í tekjuaflandi vinnu, eða bíða þangað til þið verðið veikir og hættir að vinna af þeim sökum? Er ekki nokkuð ljóst hvernig við myndum svara þessari spurningu?“ spyr Ögmundur og heldur áfram:



*„Ef bilið á milli tekjuhópa er síðan mikið eins og gerist í markaðsvæddu samfélagi, þá eykst baneitruð stéttaskipting og menn skulu ekki fara í grafgötur með að hún hefur áhrif inn í framtíðina. Hjá börnum fátækra fjölskyldna sem ekki fá aðgengi að samfélaginu á við efnameiri börn verða til sár á sálinni sem seint gróa. Það er ekki hyggilegt af hálfu þeirra sem aðhyllast markaðshyggju í velferðarkerfinu að halda út á ystu brún í þessum efnum.“*

milli. Ef bilið á milli tekjuhópa er síðan mikið, eins og gerist í markaðsvæddu samfélagi, þá eykst baneitruð stéttaskipting og menn skulu ekki fara í grafgötur með að hún hefur áhrif inn í framtíðina. Hjá börnum fátækra fjölskyldna sem ekki fá aðgengi að samfélaginu á við efnameiri börn verða til sár á sálinni sem seint gróa. Það er ekki hyggilegt af hálfu þeirra sem aðhyllast markaðshyggju í velferðarkerfinu að halda út á ystu brún í þessum efnum. Á endanum kemur þetta öllum í koll því að þegar upp er staðið verður allt dýrara og erfiðara viðfangs. Með aukinni stéttaskiptingu verða nefnilega til vandamál sem áður voru ekki fyrir hendi,“ segir hann um afleiðingar markaðsvæðingarinnar.

„Engu að síður erum við jafnt og þétt að færa okkur yfir í þá átt sem enginn vill, að borga fyrir þjónustuna sem sjúklingar en ekki sem skattgreiðendur. Svo er það spurning um hagkvæmni, ef við drögum úr millifærslum og félagslegum stuðningi þá þarf það auðvitað að birtast í launagreiðslum. Það kallar á hærri laun ef við þurfum að kaupa alla þá þjónustu sem snarhækkar með þjónustugjöldum og milliliðum markaðsvæðingarinnar. Þetta sjáum við þegar í rafmagnsreikningunum og þegar við förum í bíó þurfum við að greiða himinhá gjöld til alls konar milliliða fyrir að leggja bílnum. Þetta er að gerast á öllum sviðum samfélagsins, markaðsvæðing innviðanna og gjaldtakan sem henni fylgir er nefnilega bæði rándýr og fáránlega óhagkvæm.“



Sama gildir um eignarhald á fiskinum í sjónum, jú við getum sett á veiðigjald en það tryggir ekki yfirráð yfir auðlindinni til frambúðar. Veiðigjaldið má hækka eða lækka eftir atvikum, en eignarhaldi á auðlindum sínum má þjóðin ekki glata. Sjávarauðlindin er hins vegar smám saman að renna úr greipum þjóðarinnar með framsalsheimildum kvótakerfisins. Þetta snýst um þjóðaröryggi.

### Opinber grunnþjónusta betur tryggð í gegnum eignarhald

„Evrópa fylgdi þeirri stefnu lengi vel að tryggja aðgengi að opinberri þjónustu, heitu og köldu vatni, rafmagni og svo framvegis í gegnum eignarhald. Og þannig hefur það verið að uppistöðu til hér á landi, við eigum enn Gvendarbrunna og Landsvirkjun, en hve lengi? Við áttum Hitaveitu Suðurnesja, eða þar til hún var færð einkaaðilum í hendur, innlendum lífeyrissjóðum og erlendum fjárfestum og er ástæða til að vekja athygli á því að eigendur eru þegar byrjaðir að skjóta sér undan skyldum sínum. Þarna eru lífeyrissjóðirnir alls ekki saklausir því skattasniðganga HS orku, sem nýlega hefur verið vakin athygli á, hefur átt sér stað að því er best verður séð með hlutdeild þeirra. Eignarhald hins opinbera er þó enn ríkjandi í vatns- og orkugeiranum og það í ríkari mæli en orðið er almennt í Evrópu, sem hefur verið að færa sig í átt að ameríska módelinu. Í Bandaríkjunum hafa innviðir á borð við rafmagn og vatn verið á hendi einkaaðila en reynt hefur verið að tryggja hagsmuni samfélagsins að einhverju leyti með regluverki. Þannig megi ekki taka nema tiltekinn arð út úr vatns- og rafmagnsveitum o.s.frv. Þetta eru tvær ólíkar leiðir. Slagurinn í Bandaríkjunum og í regluvæddu kerfi í Evrópu stendur síðan um reglusetningu annars vegar og afreglu hins vegar. Við þessa þróun fara samfélögin að treysta mikið á neytendavernd. Þótt hún sé góðra gjalda verð er hún augljóslega miklu lakari kostur en eignarhald á grunnstöðum þjóðfélags.“

### Verðtrygging íslensku þjóðarinnar

„Sama gildir um eignarhald á fiskinum í sjónum, jú við getum sett á veiðigjald en það tryggir ekki yfirráð yfir auðlindinni til frambúðar. Veiðigjaldið má hækka eða lækka eftir atvikum, en eignarhaldi á auðlindum sínum má þjóðin ekki glata. Sjávarauðlindin er hins vegar smám saman að renna úr greipum þjóðarinnar með framsalsheimildum kvótakerfisins. Þetta snýst um þjóðaröryggi. Verðtrygging íslensku þjóðarinnar syndir nefnilega í sjónum í kringum landið, sama gildir um aðrar auðlindir sem við eigum saman; þannig er feegurð landsins auðlind. Þegar auðkýfingar eignast náttúruperlurnar til að hagnast á þeim, reisa vindvirkjanir sem fæla frá ekki bara fugla heldur líka ferðamenn, þá veikist hagur samfélagsins. Þjóðfélagið verður berskjaldaðra, nýtur ekki þeirra trygginga sem eignarhaldið felur í sér. Og talandi um auðlindir má ekki gleyma vatninu, gulli framtíðar. Árið 1998 var lögum á Alþingi breytt á þann veg að eign á jörð skyldi fylgja eignarhald á öllu því sem væri að finna undir jarðskorpunni.“

Við börðumst sum hver gegn þessu á þingi á sínum tíma og BSRB var heldur betur með bumbuslátt gegn þessum áformum. Síðan kom fram vatnalagafrumvarp og náðum við að breyta því að því leyti að ef hið opinbera seldi jörð fylgdu vatnsréttindin ekki sjálfkrafa með. Sú regla ætti að gilda um allt jarðnaði en þarna erum við stödd í þessum efnum. Þegar eru erlendir fjárfestar farnir að kaupa jarðir með það fyrir augum að nýta sér vatnsréttindin og eru reyndar byrjaðir á því.

Ef við látum þetta ganga áfram þannig að allt sem hefur verðmæti sem hagnast má á kemst á fáar hendur þá mun það gerast einhvern tímann að það sýður upp úr. Það yrði samfélaginu sársaukafullt en ekki hjá því komist ef ekkert er að gert og það fjótlega. Ég leyfi mér að spyrja hvort ekki væri ráð að sýna fyrirhyggju?“

### Víðsýni veitir blönduðum stéttarfélögum styrk

En hvað segir þú um þróun stéttarfélaganna innan BSRB og styrk þeirra til að takast á við þessi mál. Hvernig er best að beita sér?

„Þegar lítið er til félaganna innan BSRB varð sú þróun snemma að fagfélög tækju sig út úr blönduðum félögum. Sjálfum þótti mér þetta ekki góð þróun en leit svo á lýðræðið ætti að fá því ráðið hvers konar félagaform yrði ofan á, en þarna vógust á kostir og gallar. Fagfélögin voru sterkari að því leyti að markmið stéttarinnar varð skýrara um að bæta hennar hag. Blönduðu félögin sóttu hins vegar styrk sinn í annað,“ útskýrir Ögmundur. „Þau voru að nokkru leyti spegilmynd af samfélaginu. Á vettvangi þeirra kom saman fólk úr ólíkum starfsstéttum, umræðan varð önnur vegna þessa, hún varð iðulega víðsýnni en einmitt það þótti mér alltaf vera styrkur blandaðra félaga eins og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR og nú að sjálfsgöðu Sameykis. Þarna drógu hins vegar heildarsamtökin, BSRB, fagfélögin að landi því að þar var hinn breiða vettvang að finna. Verkalýðshreyfingin þarf á því að halda að vera víðsýn. Hún má aldrei verða viðskila við samfélagið. Þetta var og er styrkur hins blandaða félagsforms,“ segir hann.

### Sat alltaf sömu megin borðsins

Ögmundur var eins og áður sagði formaður BSRB í rúm tuttugu ár, gegndi þingmennsku og embættum heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og innanríkisráðherra fyrir Vinstri græn í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur á árunum

2009–2013. Baráttumál hans sneru fyrst og fremst að vörnum í þágu velferðar, mannréttindum og réttindum launafólks, lýðræðislegu sjálfræði gegn alþjóðlegum efnahagssamningum, gagnrýni á hervæðingu og valdbeitingu ríkisins auk skýrrar afstöðu gegn ESB-aðild og fyrir fullveldi Íslands. Hann tók sig af launaskrá sem formaður BSRB þegar hann settist á þing en gegndi áfram formannsembættinu. Þegar hann varð ráðherra í ríkisstjórn hætti hann sem formaður BSRB.

„Þegar ég var á þinginu var ég stundum spurður að því hvort ég sæti ekki beggja vegna borðsins sem formaður BSRB og þingmaður. Ég svaraði því ætíð til að ég sæti alltaf sömu megin borðsins, en þegar ég var orðinn ráðherra þótti mér augljóst að ég yrði að hætta sem formaður BSRB, þótt í hjarta mínu vissi ég að alltaf yrði ég á sama stað við borðið,“ segir hann og brosir. „Ég varð aldrei var við að innan BSRB væru félagar mínir ósáttir við að ég byði mig fram til þings. Aldrei, þótt í BSRB væru stórir hópar manna sem voru mjög á öndverðum meiði við mig í stjórnárum.. Að uppistöðu til vorum við öll sammála um meginmarkmiðin, að standa vörð um velferðarsamfélagið. Pólitíkin fyrr á tíð endurspeglaði þetta líka. Ákveðið grundvallarsamkomulag ríkti lengi vel um samfélagsgrunninn. Átakalínan var hversu langt skyldi gengið í skattlagningu og í samfélagslegri uppbyggingu

## Samfélagssáttmáli fyrr og nú

Oft hefur verið rætt um nauðsyn samfélagssáttmála og þú virðist því fylgjandi í áherslum þínum á mikilvægi jafnræðis og jafnvægis í þjóðfélaginu að reynt sé að ná slíkri sátt, en er slíkur sáttmáli yfirleitt gerlegur?

„Hann er ekki í auglýsingu í augnablikinu og verður aldrei að veruleika án þess að verkalýðshreyfingin reisi sig. Eftir hrúnið var um það rætt að við skyldum gera með okkur samfélagssáttmála. Ef vilji er til er enn hægt að leita eftir honum. Við sjáum hann ekki núna en hann getur orðið til fyrr en varir, við eigum aldrei að gefast upp við að minna á hvers virði það er fyrir alla að tryggja jöfnuð og félagslegt réttlæti. Þarna þarf að skoða grunnþjónustuna sérstaklega, veigamikill þáttur í samfélagsþjónustunni er heilbrigðisþjónustan. Það er illa komið fyrir henni og þegar lítið er til Landspítalans og annarra heilbrigðisstofnana var byrjað að svelta þær fjárhagslega fljótlega upp úr aldamótum, en á þeim tíma vildu menn illu heilli fara inn á brautir gjaldtöku eins og við höfum rætt um. Hrunið kom svo ofan á þennan niðurskurð og hefur heilbrigðiskerfið aldrei náð sér síðan. Við sem sátum í ríkisstjórn upp úr hruninu reyndum að hlífa velferðarþjónustunni m.a. með því að skera niður grimmilegar í ýmsum tímabundnum fjárfestingum sem væri hægt að laga síðar. En við gerðum okkur

grein fyrir að þegar heilbrigðisþjónustan er særð þá gróa þau sár seint. Við særðum hana engu að síður. Á Landspítalanum fækkaði um mörg hundruð stöðugildi jafnvel þótt skorið væri niður um helmingi minna en annars staðar hjá hinu opinbera, en það var bara allt of mikið. Hræðilegir tímar, allt meira og minna afleiðingar nýfrjálsbyggjunnar. Af þessu þurfum við að draga lærdóm, einnig af okkar eigin mistökum.“

Biggi ljósmyndari er enn að ganga um gólf og smella af. Það verður að ná rétta skotinu í rétta ljósinu. En aftur að Ögmundi og nú fer að hilla undir lok þessa viðtals.

## Áfram er markaðsvæðingunni lætt inn

„En áfram er markaðsvætt umræðulaust,“ heldur Ögmundur áfram. „Haustið 2023, í tíð síðustu ríkisstjórnar, var ákveðið að hér eftir skyldi allt húsnæði öldrunarstofnana vera í eigu einkaaðila. Að sjálfsögðu er það fyrirkomulag þegar fyrir hendi en nú skyldi þetta verða einhlítt. Hið opinbera leigði síðan hjá

fjárfestunum líkt og farið var að gera í öllum opinberum rekstri. Meira að segja Ríkisendurskoðun var rekin úr eigin húsnæði og látnu leigja dýrum dómum. Allt miklu óhagkvæmara fyrir skattgreiðandann. Synd að Ríkisendurskoðun skyldi ekki spurð út í soun á almannafé af þessu tilefni eða stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. En allir þöggðu. Einnig ríkir þögn um áform Reykjavíkurborgar að leita einkavæðdra lausna í húsnæðismálum og jafnvel uppbyggingu nýrra hverfa. Ætli hlutskipti Félagsbústaða sem fyrir vikið njóta ekki stofnframlaga frá hinu opinbera sem skyldi vera rætt á stjórnarfundum og þingum verkalýðshreyfingarinnar?



„Ef við látum þetta ganga áfram þannig að allt sem hefur verðmæti sem hagnast má á kemst á fáar hendur þá mun það gerast einhvern tímann að það sýður upp úr. Það yrði samfélaginu sársaukafullt en ekki hjá því komist ef ekkert er að gert og það fljótlega. Ég leyfi mér að spyrja hvort ekki væri ráð að sýna fyrirhyggju?“

og vissulega var hart tekist á í verkföllum um réttindi og kjör en að samfélagið ætti að vera samfélagslega rekið, um það var ekki deilt. Sjálfstæðismenn innan verkalýðshreyfingarinnar og reyndar víða í stjórnkerfinu voru á þessum árum upp til hópa eins konar hægri kratar. Nú er þessu öðru vísi farið og þá komum við aftur að nýfrjálsbyggjunni, því hún hefur sundrað samfélaginu og verkefnið núna er að reyna að púsla því saman á nýjan leik eftir þá eyðileggingu sem hún hefur valdið. Ég hef þó ákveðnar efasesmdir um að henni hafi tekist að læsa klónum í verkalýðshreyfinguna. Þar hittir maður fyrir félagslega þenkjandi hægri menn, marga hverja mjög einarða.“

Hreyfingin þarf að vera duglegri að líta gagnrýnið í eigin barm. Þarna til dæmis er hún hagsmunaaðili með sínum byggingafélögum. Fari hreyfingin út í rekstur fyrirtækja, hvort sem er byggingafélag eða hitaveitur, ber að skoða almannahag á undan þrengri eignarhagsmunum. Það er eindregið mín skoðun.“

Biggi gerir hlé á myndatöku og lítur upp yfir linsuna á Ögmund augnablik, en heldur svo áfram að skjóta.

### Grasrótin þarf að skíðloga

„Það má ekki gleyma því að tala við grasrótina, kveikja í henni elda því ef hún er ekki skíðlogandi gerist ekki neitt. Allt þarf að vera fyrir opnum tjöldum. Ræða þarf kjaraskiptinguna í þjóðfélaginu þannig að allir skilji og engar sauðargætur leyfðar.

Þegar sest er að borði fyrir framan sjónvarpsvélur að ræða um réttindi og kjör þyrftu allir að vera með á brjóstinu skilti þar sem á stæði hvað þeir hefðu í mánaðarlaun. Fulltrúar verkafólks og verkafólkið sjálft og síðan talsmenn atvinnurekenda, talsmenn bankanna og ráðherrar. Allir með mánaðarlaun á brjóstinu eða á enninu, það gæti farið vel á því að hafa strimil límdan á ennið með launatekjum og helst fjármagnstekjum líka. Ég held að umræðan yrði frábrugðin því sem við eigum að venjast,“ segir Ögmundur og uppsker hlátrasköll í stofunni heima. „Þá væri minna um ásakanir um óábyrga launastefnu af hálfu láglaunafólks. Hálaunamaðurinn þyrfti nú að gæta sín því svo gæti farið að hann þyrfti að svara fyrir óábyrga launastefnu,“ bætir hann við.

### Aldeilis fráleit hugmynd að afnema áminningarskylduna

Talið berst að fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að fella úr gildi lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á þessu þingi og ég spyr Ögmund hver hans skoðun sé á þessu umdeilda máli innan raða BSRB.

„Þetta er aldeilis fráleit hugmynd vegna þess að þessar fyrirætlanir ganga fyrst og fremst út á að vernda vanhæfa stjórnendum; að þeir geti vísað fólki sem þeim ekki lyndi við eða ekki þóknast þeim á dyr eins og hundi. Við það bætist þessi nýtilkomni umgengnismáti að láta starfsmenn taka tölvu úr sambandi og hverfa af vettvangi þannig að niðurlægingin kemur ofan á þetta líka. Þessi áform eru að mínu mati hreint tilræði við mannréttindi. Það eru tilvik til á vinnustað að einstaklingur sé svo skaðlegur að hann verði að hverfa af vettvangi. Þá er hægt að gera það með áminningarskyldu, út á það gengur hún og starfsmaðurinn getur þá lagað sína framkomu, eða leiðrétt það sem ranghermt er sem er líka til í dæminu. Ef um alvarlegri hluti er að ræða eins og kynferðilega áreitni á vinnustað eða barnanið í skóla, sem öllum ber saman um að taka beri á strax, þá er hægt að gera það á sama hátt og gert er í lögreglunni; viðkomandi er settur til hliðar, rannsókn sett í gang og fengin niðurstaða. En það er hins vegar röng leið að fela forstjórum ríkisstofnana vald til að kveða upp dóma og vísa starfsfólki á dyr. Það á bara ekki að þekkjast,“ segir hann.

### Ekkert annað en vesaldómur

„Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi sem komu inn á mitt borð þegar ég var formaður BSRB og áður formaður Starfsmannafélags

Sjónvarpsins þar sem reynt var að ýta starfsfólki út af vinnustað að ósekju. Ef rótin að því var sú að einhver var ósáttur við eitthvað í fari einhvers, var nánast alltaf hægt að laga það. Það reyndist hins vegar erfiðast ef brotalömin var í fari stjórnandans, hann gallagripur. Það gat verið erfiðt við að eiga en lausnin átti þá að sjálfsögðu ekki að vera á kostnað annarra. En það er sú lausn sem ríkisstjórnin sér fyrir sér.“

Það hefur komið fram í fréttum að starfslokasamningar ríkisstofnana hlaupi á milljörðum og sérhagsmunasamtök hoppa á þennan vagn með áróður um að starfslok opinberra starfsmanna séu ríkissjóði of dýr. Hvað segirðu við því?

“

Ég segi við þessu að ábyrgðin liggur hjá stjórnendum vinnustaðanna. Þeir fara ekki eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og fara því ekki eftir áminningar-skyldunni. Svo einfalt er það.

„Ég segi við þessu að ábyrgðin liggur hjá stjórnendum vinnustaðanna. Þeir fara ekki eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og fara því ekki eftir áminningarskyldunni. Svo einfalt er það. Því miður hefur heimurinn almennt verið að fjarlægjast reglur og virðingu fyrir réttindum fólks að þessu leyti á vinnumarkaði. Það sem þarf að gerast er hins vegar að gera áminningarskylduna að eðlilegu og sjálfsögðu ferli í vinnustaðamenningunni, þá verður þetta ekki neitt vandamál.“

### Verk að vinna fyrir stéttarfélagin

„Að lokum vil ég segja þetta. Stéttarfélagin mega aldrei gefa eftir baráttuna, baráttan þarf alltaf að vera sýnileg félagsmönnum því þeir þurfa að vita um mátt sinn, hvað samtakamáttur er og hverju þeir geta fengið áorkað, og ekki síst þurfa viðsemjendur að þekkja til þessarar baráttu líka. Ef þeir vita ekki hverju þeir geti staðið frammi fyrir, sýni þeir yfirgang, færast landamærin til. Ef baráttan er ekki sýnileg félagsfólki og viðsemjendum fjarar áhrifamáttur hreyfingarinnar út og að því kemur að hún nær litlu sem engu fram.

Verkalýðsfélagin eru til þess að standa vörð um réttindi okkar og bæta kjörin, stuðla að jafnvægi í samfélaginu almennt, passa upp á auðlindir þjóðarinnar, mannréttindi og aðgengi almennings að grunnþjónustu samfélagsins. Það er verk að vinna og snúa þarf ýmsu til baka þó förlinn sé heitið fram á við. En þangað stefnum við – fram á við,“ segir Ögmundur að lokum. ■



# DAGBÓKIN 2026

Félagsfólk sem hefur áhuga á að eignast dagbókina fyrir árið 2026 í stærðinni A6 geta pantað hana á vef Sameykis og verður hún send til viðkomandi. Hægt er að panta fleiri en eina dagbók, t.d. fyrir hóp á vinnustaðnum.

Einnig er hægt að nálgast dagbókina á skrifstofu félagsins. Opnunartímar skrifstofu er frá kl. 9:00-15:00 mánudaga til fimmtudaga og föstudaga frá kl. 9:00-13:00.



**SAMEYKI**  
STETTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU



# Rafha, raunveruleiki Starfsmannafélags

Eftir Stefán Pálsson

Árið 1936 var nýtt fyrirtæki stofnað á Íslandi:

Raftækjaverksmiðjan í Hafnarfirði, Rafha.



Markmiðið var að framleiða rafmagnstæki fyrir íslensk heimili og nýta raforku hinnar væntanlegu Ljósafossvirkjunar. Fyrirtækið naut ríkulegrar fyrirgreiðslu hins opinbera, meðal annars í formi tollverndar, og lagði sitt af mörkum til að gera rafmagn að daglegum veruleika fólks – meðal annars með því að bjóða rafmagnstæki á afborgunum, líklega í fyrsta sinn hér á landi. Auglýsingar Rafha voru eftirminnilegar og spegluðu tíðarandann vel. Í einni þeirra var boðskapurinn skýr: „Hygginn húsmóðir“ vildi spara vinnu, „hygginn húsbóndi“ vildi spara peninga.

Rafmagnið átti að létta lífið – og draga úr nöldri. Þessi samsetning framfara, heimilisreksturs og kynhlutverka er lýsandi fyrir tímarn.

## Opinberum starfsmönnum bannað að fara í verkfall

Ein slík Rafha-auglýsing birtist á forsíðu fyrsta Starfsmannablaðs



Reykjavíkur sumarið 1938. Það kom ekki á óvart, því einn helsti forspakki Rafha var Nikulás Friðriksson, eftirlitsmaður hjá Rafmagnsveitunni, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkur um árabil og stjórnamaður í BSRB. Í auglýsingunni var því haldið fram að framtíðartekjur Reykjavíkurbæjar færu beinlínis eftir því að Rafha-eldavélar yrðu settar í hvert eldhús. Saklaus auglýsing – en hún hittir í raun naglann á höfuðið þegar kemur að sögu Starfsmannafélagsins á fyrstu áratugunum. Ólíkt mörgum stéttarfélögum, sem byggja sjálfsmynd sína á átökum við atvinnurekendur, varð Starfsmannafélag Reykjavíkur til við allt aðrar aðstæður. Eftir hótun Síamannafélagsins um verkfall árið 1916 – sem dugði til að knýja fram launahækkanir – brást ríkisvaldið harkalega við. Opinberum starfsmönnum voru með lögum

bannaðar verkfallsaðgerðir og kjör þeirra ákveðin einhliða af ríki og sveitarfélögum. Þar með voru opinberir starfsmenn settir í allt annað umhverfi en almennt launafólk.

Ákvarðanir um kaup og kjör voru teknar af bæjarstjórnnum eða ráðuneytum, oft eftir geðþótta. Sumir yfirmenn tóku slaginn fyrir sitt fólk, aðrir ekki. Verðbólga stríðsáranna og efnahagsþrengingar sýndu galla þessa kerfis vel; starfsmenn þurftu hver um sig að sækja um dýrtíðaruppbætur, með ófyrirsjáanlegri niðurstöðu. Óánægja með nýja launasamþykkt Reykjavíkurbæjar árið 1920 varð kveikjan að hugmyndum um sameiginlegan vettvang. Ágúst Jósefsson, fyrsti formaður Starfsmannafélagsins, gegndi þar lykilhlutverki. Sem eini heilbrigðisfulltrúi bæjarins átti hann erindi um allan bæ og þekkti aðstæður starfsmanna óvenju vel. Eftir sex ára meðgöngu var Starfsmannafélag Reykjavíkur stofnað í janúar 1926.

## Starfsmannablaðið vettvangur sagnaritunar

Forystumenn félagsins voru að stórum hluta yfirmenn eða millistjórnendur með langan starfsaldur hjá bænum: Nikulás Friðriksson, Erlingur Pálsson yfirlöggregluþjónn, Karl Ó.

Bjarnason úr slökkviliðinu og fulltrúar Gasstöðvarinnar, sem lengi var suðuketill í kjaramálum. Sameiginlegt með mörgum þeirra var djúpur áhugi á sögu og þróun Reykjavíkur. Starfsmannablaðið varð vettvangur bæði kjaramála og sagnaritunar, allt frá æviágripum merkismanna til vangaveltna um ráðhús í Tjörninni – jafnvel einkennisbúninga bæjarstarfsmanna og hvort slökkviliðsmenn væru of líkir strætisvagnabílstjórnur.



Í kjaramálum beitti félagið sér fyrst og fremst fyrir eftirlaunum, orlofi og vinnutíma. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkur var stofnaður 1927–28, að hluta til vegna persónulegra samskipta forystumanna við borgarstjóra. Sumarleyfi og stytting vinnuviku fylgdu í kjölfarið, með áhugaverðum rökum; sorphirðumenn unnu styttra í skammdeginu, en innvinnufólk þurfti sérstaklega að komast í sól og ferskt loft.

## Með strætó að Kleppi

Hugmyndir um orlofshús komu einnig snemma fram. Árið 1938 var jafnvel lagt til að starfsmenn reistu sumarhústaði í Gufunesi – með strætó að Kleppi og motorbát yfir Elliðaárvoginn. Tíðarandinn breyttist þó hratt með stríðinu og aukinni bílaeign. Eftir stríð færðist Starfsmannafélagið smám saman í átt að virkari kjarabaráttu. BSRB var stofnað 1942, samningsréttur náðist 1962 og verkfallsréttur opinberra starfsmanna loks 1976

# kinnn og rætur Reykjavíkur

– eftir hótanir um ólöglegt verkfall. Þrátt fyrir það einkenndist félagið lengi af samvinnu og persónulegum samskiptum fremur en hörðum átökum.

Lengi býr að fyrstu gerð. Starfsmannafélag Reykjavíkur á sér rætur í samtali, samvinnu og trú á að sameiginleg hagsmunagæsla borgar og starfsmanna fari saman. Og kannski er það þessi arfleifð sem gerir það að verkum að enginn félagsmaður myndi hika við að kaupa Rafha-eldavél – til að tryggja Reykjavíkurborg góðar tekjur, rétt eins og boðað var árið 1938. Frá stríðsárunum og áratugina þar á eftir má greina skýra þróun Starfsmannafélagsins í átt að virkari kjarabaráttu. BSRB var sem fyrr segir stofnað árið 1942 – upphaflega utan um kolakaup, innblásið af minningum um skort fyrri heimsstyrjaldarinnar. Samningsrétturinn lét þó á sér standa. Ekki fyrr en snemma á sjötta áratugnum hleypti Reykjavíkurbær fulltrúum Starfsmannafélagsins að borðinu við gerð nýrrar launasamþykktar, í stað þess að skammta einhliða úr hnefa. Takmarkaður formlegur samningsréttur náðist loks árið 1962, eftir hótanir opinberra starfsmanna – einkum kennara – um fjöldauppsagnir.

## Verkfallsrétturinn viðurkenndur

Verkfallsrétturinn komst á með svipuðum hætti. BSRB undirbjó verkfall árið 1975, sem hefði verið ólöglegt, en varð til þess að ríkisvaldið kiknaði og réttur opinberra starfsmanna til verkfalls var lögfestur árið 1976. Fljótlega var þetta nýfengna vopn nýtt, meðal annars í stórum samflotsverkföllum á áttunda og níunda áratugnum. Þar kom nokkuð skýrt fram ákveðinn kúltúrmunur; starfsmenn borgarinnar og annarra sveitarfélaga



Hópur kvenna í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar í verkfallinu 1977 setur fréttabréf í umslög til félagsmanna. Ljósmynd/St.Rv.

voru gjarnan lempnari í framgöngu sinni en ríkisstarfsmenn, sem reyndust átakasæknari og viljugri til að skulmast opinberlega við viðsemjendur sína. Nálægðin við kjörna fulltrúa, stuttar boðleiðir og rótgróin hefð fyrir persónulegum samskiptum á sveitarstjórnarstiginu varð til þess að Starfsmannafélag Reykjavíkur var ekki alltaf í fullkomnum takti við landssamtökin.

Ég ætla ekki að hætta mér of nálægt samtímanum í þessari yfirferð, til að forðast að verða grillaður á teini af persónum og leikendum. Þó má fullyrða að breytt lagaumhverfi hafi með tímanum gert verkalyðsfélög líkari hvert öðru, hvort sem þau starfa á almennum markaði eða meðal opinberra starfsmanna – en lengi býr að fyrstu gerð.

## Með Borgarlínu í Gufunes

Félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkur eru upp til hópa velviljaðri vinnuveitanda sínum en almennt gerist, fólk sem sér hagsmuni borgarinnar og starfsmanna fléttast saman. Þetta er fólk sem harmar það að hafa ekki komið upp sumarhúsabyrpingunni í Gufunesi, þannig að við gætum komist þangað ekki bara með strætó og mótorbát heldur bráðum með Borgarlínu.

Ög enginn, ég efast ekki um að enginn félagsmaður, myndi hika eitt augnablik við að kaupa sér Rafha-eldavél, smíðaða eftir nútímavísindum og áratuga reynslu Norðmanna – allt til að tryggja Reykjavíkurborg sem mestar tekjur! ■

Höfundur er sagnfræðingur



Október 1985, 10 ár frá Kvennafrídegnum. Hópur kvenna á Lækjartorgi og nágrenni. Ljósmynd/St.Rv.

# Að sjá sig eins og maður er

## Lærdómur, gervigreind og valdefling

Eftir Jóhönnu Þórdórsdóttur

Carl Gustav Jung, svissneskur geðlæknir, sálarrannsakandi og frumkvöðull í rannsóknum á mannlegri sjálfsþekkingu, sagði eitt sinn: „It's only when I see myself as I am that I can be.“ Þessi einföldu orð fanga kjarna lærdóms; að raunveruleg þróun hefst ekki fyrr en við þorum að horfast í augu við eigin stöðu, það sem við vitum, það sem við vitum ekki og það sem við þurfum að læra. Í fræðslumálum nú á dögum, þar sem gervigreind lofar skjótum lausnum og aukinni skilvirkni, er þessi áminning mikilvægari en nokkru sinni fyrr.



### Gervigreind og freistingin að velja auðveldu leiðina

Á OEB-ráðstefnunni í Berlín í desember síðastliðnum kom skýrt fram að gervigreind mun hafa veruleg áhrif á nám og fræðslu, en hún er ekki töfalausn. Raunverulegur lærdómur verður áfram til þegar fólk tekst á við áskoranir, fer á dýptina og fær



Carl Gustav Jung á heimili sínu í Sviss árið 1972. Ljósmynd/ C.G. Jung Institute Zurich

rými til að prófa sig áfram. Ein helsta hættan í tengslum við gervigreind er freistingin til að velja áreynslulausu leiðina. Þegar tæknin býður upp á skjót svör og einfaldar lausnir getur verið freistandi að láta hana leysa vandann fyrir okkur.

Rannsóknir og reynsla sýna þó að við lærum mest þegar við þurfum að glíma við viðfangsefni, gerum mistök og endurskoða eigin skilning. Lærdómur krefst fyrirhafnar og einmitt sú fyrirhöfn

“

Sálfélagslegt öryggi felur í sér að starfsfólk upplifir traust í samskiptum, getur tjáð sig, spurt spurninga og viðurkennt óvissu án ótta við neikvæð viðbrögð. Slíkt öryggi er forsenda náms og nýsköpunar og hefur jafnframt bein áhrif á gæði opinberrar þjónustu, þar sem opið samtal og sameiginlegur lærdómur leiða til vandaðri ákvarðana og betri lausna.

byggir upp hæfni til lengri tíma. Ef tæknin er notuð til að stytta þessa vegferð of mikið, er hættan á að dýrmætur lærdómur tapist.

### Sálfélagslegt öryggi og gæði opinberrar þjónustu

Þessi sýn gerir skýrar kröfur til vinnustaða, ekki síst opinberra vinnustaða þar sem verkefni snerta oft flókin samfélagsleg málefni og ákvarðanir geta haft viðtæk áhrif. Þar er sálfélagslegt öryggi grundvallarforsenda faglegrar vinnu og lærdóms.

Sálfélagslegt öryggi felur í sér að starfsfólk upplifir traust í samskiptum, getur tjáð sig, spurt spurninga og viðurkennt óvissu án ótta við neikvæð viðbrögð. Þegar slíkt öryggi er til staðar skapast rými fyrir opið samtal, sameiginlegan lærdóm og stöðuga endurskoðun vinnubragða. Það hefur bein áhrif á gæði opinberrar þjónustu, þar sem vandaðri ákvarðanir, betri lausnir og meiri stöðugleiki verða afraksturinn.



Schmitz, t.v., benti á að án valdeflingar yrði vinnutengt nám yfirborðskennt og skilaði litlum árangri. Starfsfólk þarf að upplifa að það sem það er að læra hafi raunverulega merkingu í daglegu starfi, að það hafi svigrúm til að taka ákvarðanir, að það búi yfir hæfni til að takast á við verkefni og að framlag þess hafi sýnileg áhrif.

## Valdefling sem forsenda árangursríks náms

Þegar horft er til fræðslu á vinnustöðum er gagnlegt að hafa í huga fjóra lykilþætti valdeflingar; merkingu, sjálfræði, hæfni og áhrif. Á OEB-ráðstefnunni lagði dr. Anja Schmitz sérstaka áherslu á þetta samspil. Hún er prófessor í mannauðsstjórnun við Karlsruhe University of Applied Sciences í Þýskalandi og sérfræðingur í vinnustaðanámi, hæfnipróun og stafrænum umbreytingum í fræðslu.

Schmitz benti á að án valdeflingar yrði vinnutengt nám

## OEB global

OEB-ráðstefnan er haldin árlega í Berlín með það að markmiði að leiða saman fólk og hugmyndir til að umbreyta námi. Þarna koma saman fræðslusamfélagið, atvinnulífið, opinberar og alþjóðlegar stofnanir. Ráðstefnan laðar að sér leiðtoga og frumkvöðla frá yfir 70 löndum og boðið er upp á blöndu af lykilerindum, ögrandi umræðum og hagnýtum, verklegum vinnustofum. Þannig styður OEB við breytingar og hraðar nýsköpun í námi og fræðslu.

Árið 2025 var þema OEB mannlegt eðli á tímum gervigreindar þar sem fjallað var um samkennd, ábyrgð og skylduna til að láta sig þetta varða. Nám er lykillinn að því að við komumst í gegnum þessa umbreytingu sem fylgir gervigreindinni. Einnig var til umfjöllunar hvernig við ræktum gagnrýna hugsun, siðferðilega forystu og tilfinningalega seiglu á tímum rangfærslna og sundrungar.

yfirborðskennt og skilaði litlum árangri. Starfsfólk þarf að upplifa að það sem það er að læra hafi raunverulega merkingu í daglegu starfi, að það hafi svigrúm til að taka ákvarðanir, að það búi yfir hæfni til að takast á við verkefni og að framlag þess hafi sýnileg áhrif.

## Óformlegt og sjálfstýrt nám í daglegu starfi

Hún lagði jafnframt áherslu á að sú lærdómshegðun sem skipti mestu máli núorðið væri annars vegar óformlegt nám og hins vegar sjálfstýrt nám. Óformlegt nám á sér stað í daglegu starfi, í samtölum við samstarfsfólk og þegar leitað er lausna á raunverulegum viðfangsefnum. Sjálfstýrt nám felur í sér að einstaklingar bera sjálfir ábyrgð á eigin námi, setja sér markmið, velja leiðir, meta árangur og laga nálgun sína eftir því sem skilningur dýpkar. Þegar þessir þættir haldast í hendur skapast grundvöllur fyrir starfsánægju og helgun í starfi, atriði sem eru lykilforsendur góðrar opinberrar þjónustu.

Tæknin getur stutt við vegferðina, en ekki gengið hana Gervigreind getur í þessu samhengi verið öflugt verkfæri. Hún getur stutt við nám, aðlagð fræðslu að þörfum einstaklinga og létt undir með endurteknum verkefnum. Hún getur þó ekki komið í stað mannlegrar dómgreindar, samtals og þeirrar áskorunar sem felst í að hugsa sjálfstætt.

Ef við tökum orð Jungs alvarlega hefst raunverulegur lærdómur þegar við þörum að sjá okkur sjálf eins og við erum. Gervigreind getur stutt þá vegferð, en hún getur ekki gengið hana fyrir okkur. Verkefnið er að skapa aðstæður fyrir lærdóm sem byggir á dýpt, trausti og valdeflingu, því þar verða bæði starfsfólk og opinber þjónusta sterkari. ■

Höfundur er fræðslustjóri Sameykis

# Gott að vita!

## Námskeið og fyrirlestrar á vegum Sameykis - VOR 2026

Sameyki í samstarfi við Framvegis miðstöð símenntunar býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsfólk þeim að kostnaðarlausu. Þetta vorið eru flestir viðburðir í húsi, ýmist hjá Framvegis Borgartúni 20, eða víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Einnig verða í boði fjarfyrirlestrar á Teams. Þau sem ekki eru vön fjarnámi eru hvött til að hafa samband við Framvegis og fá leiðbeiningar áður en viðburður sem þau skrá sig á hefst.

Nánari upplýsingar og skráning er á vef Framvegis, framvegis.is. Námskeið má finna á vefsíðunni undir Náms og þar er að finna nánari upplýsingar um viðburði í Gott að vita.

### Norðurland og Vestfirðir

Einnig býður Sameyki í samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra, Símei, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fleiri

### Að gefnu tilefni!

Þegar þú skráir þig á námskeið hjá Framvegis vertu þá viss um að enda á að smella á „Skrá umsókn“ til að ljúka skráningarferlinu. Vinsamlegast láttu vita tímanlega ef þú getur ekki nýtt plássið þitt á námskeið svo hægt sé að hleypa fólki inn af biðlista.

Hægt er að láta vita um forföll í gegnum netfangið nina@framvegis.is eða í síma 581 1900.

stéttarfélög á Norðurlandi upp á fyrirlestra og námskeið. Nánari upplýsingar og skráningu má finna á vef Sameykis, sameykis.is undir Fræðsla og Gott að vita námskeið. ■



### Grunnatriði í jóga – Uppgötvæðu heildræna lækningafræði Austurlanda

Dagsetning: 4. og 11. febrúar

Kl.: 18:00-20:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Leiðin heim, Laugavegur 178 við Bolholt, 3. hæð

Leiðbeinendur: Kamila Walijewska jógakennari. Í fyrri hluta tímans munu þátttakendur kanna hvað jóga raunverulega er, hvernig það hefur jákvæð áhrif á líkama og huga, og hvers vegna það er talið öflugt tæki til lækningar. Seinni hlutinn felur í sér leiðsögn í hugleiðslu, jógaæfingar sem henta byrjendum og öndunaræfingar. Hentar bæði byrjendum og lengra komnum. Athugið að námskeiðið er kennt á ensku.

### Ferðast fyrir lítið

Dagsetning: 18. febrúar

Kl.: 19:00-21:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður - skráðir þátttakendur fá senda hlekk með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Unnur Ólafsdóttir

Viltu ferðast um heiminn fyrir lítið? Námskeiðið er fyrir fólk með ferðapr. Fjallað verður um hvenær á að bóka flug til að fá sem besta verðið, hvaða vafra er best að nota, flugáskriftir, punkta og stéttafélagsávisanir. Hvernig á að pakka fyrir ferðina, hvar er best að bóka

hagstæða gistingu og möguleikinn að gista frítt með því að passa íbúðir/gæluðyr eða með íbúðarskiptum.



### Gufur og gusur

Dagsetning: 23. og 24. febrúar

Kl.: 18:00-20:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Gusa í Sækoti, Grímstaðavör Ægisíðu

Leiðbeinandi: Jara Akuciviciute

Gusumeistari leiðir þrjár 15 mínútna lotur í sánu með ilmólum, jurtum, tónlist, handklæðatilprífum og blævængjum. Góður hiti í sáunni og kæling í sjó eða svalandi loft á milli. Þátttakendur þurfa að koma með sundföt, tvö handklæði og góðan vatnsbrúsa.

### Betri svefn

Dagsetning: 26. febrúar

Kl.: 19:00-21:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20, 3. hæð

Leiðbeinandi: Sara Vöggsdóttir

Fjallað verður um svefn og áhrif hans á heilsu okkar og vellíðan. Svefninn er okkur lífsnauðsynlegur og er algjör grundvallarþáttur í líkamlegri og andlegri heilsu. Farið verður yfir þau viðtæku áhrif sem hann hefur á líðan og frammistöðu, ásamt því að skoða hvað við

getum gert til að bæta svefninn og þar af leiðandi heilsu okkar.

### Kransakökur – Tvö eins námskeið

Dagsetning:

Námskeið 1: 3. mars

Námskeið 2: 4. mars

Kl.: 18:00-21:00

Lengd: 3 klst.

Staður: Húsasmíðjan Kjarlavori 12-14.

Leiðbeinandi: Halldór Kr. Sigurðsson

Á þessu námskeiði lærir þú að búa til hina fullkomnu kransaköku fyrir næsta tilefni. Hver og einn þátttakandi býr til 40 manna kransaköku sem hann getur síðan fryst og boðið upp á í veislu, t.d. í fermingarveislu.

### Allt um íbúðarlán

Dagsetning: 5. mars

Kl.: 17:00-19:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður - skráðir þátttakendur fá senda hlekk með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Björn Berg Gunnarsson Allt sem þú þarft að vita, kunna og skilja þegar tekið er húsnæðislán eða endurfjármagnað. Lærðu að stilla upp því láni sem þér hentar best hverju sinni.

### Vatnsleikfimi

Dagsetning: 10., 17., 24., og 31. mars

Kl.: 19:15-20:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Sundlaug Hrafnistu við Boðapingi 5-7, Kópavogi.

Leiðbeinandi: Sóley Einarssdóttir

Vatnsleikfimi er eitt af því besta sem þú getur gert fyrir líkamann. Æfingar í vatni eru alhliða og aðstoða við meðferð á ýmsum kvillum og/eða koma í veg fyrir þá. Þjálfunin styrkir hjartað og lungun, en vatnið veitir viðráðanlega mótstöðu og eykur þar með styrk.

## Virkjum kraftinn í streitunni

Dagsetning: 11. mars

Kl.: 18:00-21:00

Lengd: 3 klst.

**Staður:** Netviðburður - skráðir þátttakendur fá senda hlekk með aðgangi að námskeiðinu.

**Leiðbeinandi:** Eyþór Eðvarðsson

Nýjustu streitunnarsóknir sýna að við höfum stórlega vanmetið þau miklu jákvæðu áhrif sem streita getur haft á okkur. Hugurinn hefur áhrif á líkamann og með einföldum hugarfarsaðferðum er hægt að virkja streituvíðbragðið til stórra verka enda viðbragðið með eindæmum aflmikið.

## Eldað fyrir einn

Dagsetning: 12. mars

Kl.: 17:30-22:00

Lengd: um 3,5 klst.

**Staður:** Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12.

**Leiðbeinandi:** Dóra Svavarsdóttir

Eldað fyrir einn er hagnýtt og skemmtilegt námskeið fyrir þá sem vilja læra að útbúa einfaldar, hollari og bragðgóðar máltíðir fyrir einn. Á námskeiðinu færðu ráð um hráefnisval, skipulag í eldhúsinu og hvernig hægt er að nýta afgangana á skapandi hátt. Fullkomið fyrir einstaklinga sem vilja njóta góðrar máltíðar án mikils tilkostnaðar eða tíma.



## Gervigreind í daglegu lífi

Dagsetning: 26. mars

Kl.: 17:30-20:00

Lengd: 2,5 klst.

**Staður:** Framvegis, Borgartún 20.

**Leiðbeinandi:** Atli Þór Kristbergsson

Á þessu námskeiði kynnis þú þér hvernig gervigreind getur auðveldað þér lífið, í daglegum verkefnum, vinnu og námi. Við skoðum hvernig hún virkar, hvað hún er og hvernig þú notar hana á öruggan og skynsamlegan hátt. Sínd verða praktísk dæmi, t.d. hvernig skal skrifa texta, búa til auglýsingu, fá ferðaráð og margt fleira.

## Lærðu að sauma snyrtibuddu

Dagsetning: 14., 21. apríl og 5. maí.

Kl.: 19:00-20:00

Lengd: 3 klst.

**Staður:** Netviðburður - skráðir þátttakendur fá senda hlekk með aðgangi að námskeiðinu.

**Leiðbeinandi:** Tinna Laufdal

Lærðu að sauma snyrtibuddu með rennilás, á þínum hraða og þegar þér hentar. Námskeiðið er bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Þú færð skýra og góða kennslu frá Tinna Laufdal textilkennara og fatahönnuði. Þú færð aðgang að ýtarlegum kennslumyndböndum sem þú spilar og stöðvar að vild. Í lok námskeiðs verður þú búin/n að sauma snyrtibuddu fyrir þig eða þína, jafnvel í gjöf, sem þú sjálf/ur saumaðir!

## Launaseðill dagvinnufólks

Dagsetning: 15. apríl

Kl.: 19:00-20:00

Lengd: 1 klst.

**Staður:** Framvegis, Borgartún 20

**Leiðbeinandi:** Sigríðis Þóra Sigþórsdóttir

Á þessu námskeiði öðlast þú grunnskiling á launauppbyggingu dagvinnufólks og hvernig hún birtist á launaseðli. Farið er yfir grunnlaun og launasetningu, persónuálág, stofnanasamninga, starfsmat, starfsaldur og menntun, dagvinnu og yfirvinnu, hvíldartíma og frítökurétt, auk orlofs og desember- og orlofsuppbótar. Markmiðið er að þátttakendur geti lesið launaseðil dagvinnufólks og átt auðveldara með að greina villur eða frávik.

## Sparnaður og fjárfestingar

Dagsetning: 16. apríl

Kl.: 17:00-19:00

Lengd: 2 klst.

**Staður:** Netviðburður - skráðir þátttakendur fá senda hlekk með aðgangi að námskeiðinu.

**Leiðbeinandi:** Björn Berg Gunnarson Mikilvægt er að huga vel að sparnaði, jafnt fyrir skammtímaútgjöldum sem og fjárfestingum í framtíð. Á námskeiðinu verður rætt um hvernig velja meg heppilegasta sparnaðar- eða fjárfestingarkostinn hverju sinni. Námskeiðið hentar fólki á öllum aldri sem vill ná betri tökum á sparnaði sínum og fjárfestingum.

## Launaseðill vaktavinnufólks

Dagsetning: 22. apríl

Kl.: 19:00-20:30

Lengd: 1,5 klst.

**Staður:** Framvegis, Borgartún 20

**Leiðbeinandi:** Sigríðis Þóra Sigþórsdóttir

Á þessu námskeiði öðlast þú grunnskiling á launauppbyggingu vaktavinnufólks og hvernig hún birtist á launaseðli. Farið er yfir grunnlaun og launasetningu, persónuálág, stofnanasamninga, starfsmat, starfsaldur og menntun, yfirvinnu og viðbótargreiðslur, hvíldartíma og frítökurétt, auk orlofs og desember- og orlofsuppbótar. Þú verður sérstaklega farið yfir vaktatengda launaliði, svo sem vaktaálág, vaktahvata, vægi vinnuskyldustunda, jöfnun vinnuskila, aukavaktir og breytingargjald.

## Réttindi á opinberum á vinnumarkaði

Dagsetning: 29. apríl

Kl.: 19:00-20:30

Lengd: 1,5 klst.

**Staður:** Framvegis, Borgartún 20

**Leiðbeinandi:** Sigríðis Þóra Sigþórsdóttir

Á þessu námskeiði færð þú hagnýtan grunnskiling á orlofsrétti, veikindarétti og réttindum tengdum uppsögnum á opinberum vinnumarkaði. Farið verður yfir hvernig þau virka í framkvæmd samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningum. Farið er yfir orlofsrétt, orlofstöku og orlofslaun, auk desember- og orlofsuppbótar, og helstu reglur um veikindarétt, veikindatilkynningar, vottorð, hlutaveikindi og ávinnslu réttinda. Þá verður einnig farið yfir framkvæmd uppsagna og atviki sem skipta máli þegar starfslok eða breytingar á ráðningarkjörum eru til umræðu.

## Útsaumsnámskeið

Dagsetning: 7., 14. og 21. maí

Kl.: 20:00-21:00

Lengd: 3 klst.

**Staður:** Netviðburður - skráðir þátttakendur fá senda hlekk með aðgangi að námskeiðinu.

**Leiðbeinandi:** Tinna Laufdal

Lærðu að sauma útsaum, á þínum hraða og þegar þér hentar. Við lærum grunnspeir í útsaum og saumum bókstaf með fallegum blómum. Við gerum verkefnið saman alveg frá því að skoða hvað þarf í þetta verkefni þar til þú hefur lokið verkefni þínu. Þú færð aðgang að kennslumyndböndum sem þú spilar og stöðvar að vild. Við tölum svo saman í lokaða samfélaginu okkar þar sem þú getur fengið aðstoð og hvatningu svo þú sitir aldrei föst/fastur.

## Hver verður staða mín við starfslok?

Dagsetning: 18. maí

Kl.: 19:00-21:00

Lengd: 2 klst.

**Staður:** Framvegis, Borgartún 20.

**Leiðbeinandi:** Guðmundur Ragnarsson

Fræðsla sem hentar þeim sem eru komnir yfir fimmtugt og stefna á að eiga áhyggjulaust ævikvöld. Það liggur fyrir okkur flestum að eldast og fara á eftirlaun. Við vonum öll að þessi tími verði áhyggjulaus og oftast er hann það en það er ekkert sjálfgefið.

Guðmundur Ragnarsson hefur mikla reynslu af þessum málum og fer í fyrirlestrinum yfir þau fjölmörgu atriði sem þarf að huga að þegar styttest í starfslok. Meðal þess sem hann fer yfir er að vera með skýra sýn á það hver framfærslan verður frá lífeyrissjóðnum og Tryggingastofnun og hvar maður getur séð stöðuna.

## Boltar og bandvefslosun

Dagsetning: Tilkynnt síðar

Kl.: Tilkynnt síðar

Lengd: 4 klst.

**Staður:** Saga Storyhouse, Flatahraun 3, 2. hæð, Hafnarfirði

**Leiðbeinendur:**

Guðbjörg Björnsdóttir og Ingibjörg Valgeirsdóttir.

Námskeiðið hentar fólki á öllum aldri og öllum getustigum. Þetta eru rólegir tímar þar sem þátttakendur læra að nota boltanudd sem mýkir og losar spennu í vöðvum og bandvef líkamans. Allir tímar enda á leiddri djúpslökun. Námskeiðið er fjögur skipti, 1 klst. í senn.

## Golf – Tvö eins námskeið

Tími: Tilkynnt síðar

Námskeið 1: Tilkynnt síðar

Námskeið 2: Tilkynnt síðar

Lengd: 4 klst.

**Staður:** Hraunkot, Golfklúbburinn Keilir, Hafnarfirði.

**Leiðbeinandi:** Andrea Ásgrímsdóttir PGA

golfkennari. Golfnámskeið fyrir þau sem vilja kynnast þessu skemmtilega sporti og læra réttu tókin. Hentar bæði fyrir byrjendur og þá sem eru aðeins komnir af stað í íþróttinni en vilja skarpa á grunnatriðunum. Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með golfsett á námskeiðið og nota sín boltakort (sem er hægt að kaupa á staðnum). ■

# Tikk-tokk kebab

Eftir Harald Jónasson

Internetið er að jafnaði viðsjárverður staður. Algórythminn sendir okkur í bergmálshella og lokar okkur oft þar inni. En stundum, bara stundum kemur eitthvað allrar athygli vert. Slík stund átti sér stað seint á síðasta ári þegar Tiktok bauð okkur upp á heimalagað Döner Kebab. Það næstum fyllir allar þarfir sem annars þyrfti til tyrkneskættaðan Þjóðverja með adressu í vestanverðri Kaupmannahöfn.



Kjötið getur verið nánast hvaða hakk sem er. Blandað kryddi, maukuðum lauk, hvítlauk og jógúrt. Internetið vill meina að grísk jógúrt sé málið en sýrður rjómi virkar líka. Kotasæla með smá mæjóslettu ætti líka að smellpassa. Bara það sem jafnan er keypt. Skyrsetta, hrein jógúrt, súrmjólk eða AB gera svipað gagn. Þynna hakkið og gefa smá síru.

Kryddið má gjarnan vera ættað austan Glettings. Paprika, chili, cummin, kóríander, steinselja, oreganó, marjoram eru allt krydd sem fást úti í búð og henta norrænni pallettu. Svo



má nota tækifærið og heimsækja austurlenska verslun. Þar fæst mögulega súmakk og eitthvað aðeins meira framandi. Sleppum þó kanel og kardimommum. Þar erum við komin full langt austur.

## Snilldin í einfaldleikanum

Aðferðin við að elda þetta kebab er það sem skilur milli þessarar uppskriftar og allra annarra sem við heimakokkarnir höfum hingað til reynt. Fyrst er að rífa fínt niður lauk og hvítlauk eða mauka í vél. Bæta kryddi og jógúrti eða sýrðum rjóma. Hnoða í smá stund þangað til allt er komið saman. Blandan er klár þegar hakkið farsast örlítið. Gott að sulla örlítilli olíu eða smjörklípu í blönduna til



að ná upp fituprósentunni enn frekar. Aðalatriðið er svo að blandan er flött út milli tveggja smjörpappírsarka. Punnt, næstum því næfurpunnt. Efri örkin fjarlægð varlega og þeirri með kjötinu rúllað upp. Fjórar rúllur, sirka 250 grömm hver eru svo bakaðar í ofni við 200 gráður. Tekur sirka korter. Um að gera að baka olíuborið grænmeti í ofnskúffunni með. Internetið er hrifið af tómötum og lauk en paprika og chili eru tilvalin líka. Snilldin er svo að soðið sem lekur af kjötinu leikur um grænmetið á eldunartímanum og gefur extra gott bragð.

Þegar kjötið er bakað er það tekið úr pappírnum, skorið eða tætt í sundur. Gott að steikja eða grilla örlítið, bara til að fá smá lit. Hægt að gera í ofninum á pönnu eða grilli. Gott að geyma kjötsoðið. Sjóða aðeins niður og velta kebabkjötinu upp úr því alveg í lokin. Setur punktin yfir i-ið.

Bera fram í pítu- eða flatbrauði. Með káli, ofnbakaða grænmetinu eða fersku, hvíttri sósu úr sýrðum rjóma, hvítlauk, pipar og limesafa. Sprauta að lokum smá eldpirarsósu yfir og graðga þessu í sig. ■

## Tiktok-ish kebab

800 gr nautahakk  
1 dl grísk jógúrt  
1 miðlungs laukur  
3 hvítlauksrif  
2 msk olía/smjör  
2 tsk salt  
1 tsk steinselja  
1 tsk marjoram  
1 tsk oreganó  
1 tsk mulinn pipar  
1 tsk paprikuduft  
1 tsk kóríander  
½ tsk cumminduft  
½ tsk chiliduft

*Fleiri ljúffengar og skemmtilegar mataruppskriftir Hara má finna á vef Sameykis, [sameyki.is/frettir/matargatid](http://sameyki.is/frettir/matargatid)*



# Harpa Hrund hlýtur MA-styrk Sameykis

Sameyki stéttarfélag í almannajónustu hefur staðið árlega fyrir vali á Stofnun ársins í vinnumarkaðskönnun sem unnin er í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Reykjavíkurborg og ná kannanirnar allt aftur til ársins 2006. Um er að ræða eina stærstu reglulegu vinnumarkaðskönnun landsins. Í ár óskaði Sameyki eftir umsóknum meistaranema sem stefna á að vinna lokaverkefni veturinn 2025–2026 og taka mið af málefnum sem tengjast könnuninni Stofnun ársins.

Niðurstaða nefndarinnar var að veita Hörpu Hrund Berndsen MA-styrkinn í ár. Rannsóknarspurning í umsókn hennar og tilgátur eru skýrt mótaðar og munu að mati nefndarinnar hafa fræðilegt og hagnýtt notagildi fyrir félagsfólk í Sameyki. Harpa Hrund ætlar í lokaritgerð sinni að fjalla um tengsl starfsumhverfis og veikindafjarvista hjá Reykjavíkurborg en rannsókn hennar er meginindleg.

Upphæðin sem afhent er hverju sinni veitir einum meistaranema styrk til að skrifa meistararitgerð sem tekur mið af málefnum sem tengjast könnuninni Stofnun ársins. Styrkupphæðin er kr. 750.000,- sem dreifist á þrjá mánuði, en skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi sé búinn með a.m.k. 30 ECTS-einingar í meistaranámi.

Harpa Hrund tók á móti styrknum úr hendi Kára



Sigurðssonar, formanns Sameykis, og óskaði hann henni innilega til hamingju. Sagði Harpa Hrund við það tækifæri að styrkurinn myndi koma sér vel við ritgerðarsmíðina.

„Ég verð að segja að þessi styrkveiting kom mér nokkuð á óvart. Ég þakka Sameyki fyrir að veita mér þessa viðurkenningu sem mun styrkja mig og hvetja í lokaverkefninu mínu sem fjallar um veikindi og starfsumhverfi starfsfólks sem vinnur hjá Reykjavíkurborg.“ ■

# Skýrsla Vörðu sýnir ójafna skiptingu heimilisstarfa meðal karla og kvenna

Skýrsla Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins sem kom út í desember sýnir að konur bera enn mun meiri ábyrgð á heimilisstörfum og utanumhaldi heimilisins en karlar. Verkaskipting á heimilum sambúðarfólks er að stórum hluta hefðbundin; konur sinna í meiri mæli daglegum og reglubundnum verkefnum innandyr, svo sem þvotti, þrifum og matseld, á meðan karlar sjá oftast um tilfallandi verkefni utandyra, viðhald og umhirðu bíla og reiðhjóla.

Meirihluti kvenna segist alltaf eða yfirleitt bera ábyrgð á þvotti og þrifum, en karlar sinna mun frekar viðhaldsverkefnum. Í verkefnum sem snúa að matseld og fjármálum er verkaskiptingin ögn jafnari, þó enn halli á konur í matargerð. Nærri helmingur kvenna sér að jafnaði um innkaup, eldamennsku og frágang eftir mat, á meðan ríflega fjórir af hverjum tíu körlum bera ábyrgð á fjármálum heimilisins.



Rannsóknin sýnir einnig að konur og karlar meta framlag sitt til heimilisstarfa með ólíkum hætti. Í verkefnum

sem karlar sinna frekar er samræmi í svörum kynjanna. Aftur á móti telja margir karlar að þrifum og þvotti sé jafnt skipt, þótt svör kvenna bendi til annars. Þetta gefur til kynna að skynjun kynjanna á verkaskiptingu sé misjöfn.

Auk hefðbundinna heimilisstarfa bera konur mun meiri ábyrgð á svokallaðri þriðju vakt, sem felur í sér skipulag, eftirfylgni og hugræna vinnu tengda heimilislífi. Konur bera ábyrgð á flestum þeim þáttum mun oftast en karlar.

Könnunin var lögð fyrir launafólk í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og byggir á svörum rúmlega 10.000 sambúðaraðila. Í skýrslunni er að finna ítarlega greiningu

á niðurstöðunum. Hægt er að nálgast skýrsluna á vefsíðu stofnunarinnar, rannvinn.is. ■

# Forseti ASÍ segir breytingar á atvinnuleysistryggingum feigðarflan

Forseti Alþýðusambands Íslands, Finnbjörn A. Hermannsson, vekur athygli í pistli á vef sambandsins að nýtt frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar hafi verið unnið í algjöru samráðsleysi við verkalýðshreyfinguna og aðra aðila vinnumarkaðarins, þrátt fyrir mikilvægi þessa málaflokks



Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ. Ljósmynd/Sameyki

fyrir lífskjör launafólks og stöðugleika á vinnumarkaði. Með frumvarpinu er lagt til að hámarks lengd atvinnuleysisbóta verði stýtt úr 30 mánuðum í 18 mánuði og að lágmarkskröfur fyrir ávinnslu réttinda lengist verulega, úr þremur mánuðum

í tólf mánuði. Slíkar breytingar eru kynntar með óljósum og illa útfærðum hugmyndum um vinnumarkaðsaðgerðir án nægjanlegrar fjármögnunar eða greininga á áhrifum þeirra.

ASÍ gagnrýnir harðlega að þetta mikilvæga mál sé unnið í einhliða anda, án raunverulegs samráðs við félagslega samningsaðila sem hafa mikla reynslu og skilning á virkni kerfisins. Atvinnuleysistryggingar eru ekki aðeins útgjaldaliður; þær eru tryggingar sem launafólk hefur sjálft greitt í gegnum vinnumarkaðinn til að tryggja fjárhagslegt öryggi við atvinnumissi og styðja við endurkomu til vinnu. Þetta félagslega öryggisnet hefur verið hornsteinn í íslensku velferðarkerfi og vinnumarkaðslíkani sem byggist á trausti og samvinnu.

Í umsögn ASÍ, sem birt var haustið 2025, var frumvarpinu lýst sem „illa ígrunduðu, gölluðu og gerræðislegu“ og bent á að afleiðingar breytinganna gætu orðið þveröfugar þeim markmiðum sem stefnt er að. Til dæmis sé hætta á að skerðing réttinda leiði til þess að fólk leiti frekar í önnur kerfi, svo sem fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eða örorkulífeyri, sem veikir tengsl við vinnumarkaðinn og úrræði Vinnuálastofnunar.


Því skorar ASÍ á stjórnvöld að hætta við frumvarpið og hefja raunverulegt samráð við verkalýðshreyfinguna og aðra hagaðila. Breytingar á atvinnuleysistryggingum verði að byggja á traustum gögnum, sameiginlegum skilningi og markmiðum um félagslegt öryggi, ekki einhliða ákvörðunum sem grafa undan trausti og félagslegri sátt. ■

## Fleiri í þjónustu Virk en nokkru sinni fyrr

Árið 2025 var metár hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði, en samtals 2.576 einstaklingar hófu starfsendurhæfingu hjá sjóðnum, sem er 205 fleiri en árið áður og 8,6% fjölgun frá árinu 2024. Þessi aukning endurspeglar áþreifanlega eftirspurn eftir starfsendurhæfingu og stuðningi til þátttöku á vinnumarkaði sem VIRK veitir.

Í lok árs voru 2.984 einstaklingar í þjónustu hjá VIRK, sem er 7,1% fleiri en um síðustu áramót, og frá upphafi hafa tæplega 27.000 manns hafið starfsendurhæfingu hjá VIRK. Þegar lítið er á ferla í upplýsingakerfinu eru skráðir yfir 31.000 starfsendurhæfingarferlar frá stofnun sjóðsins árið 2008, þar sem margir hafa nýtt sér þjónustuna oftar en einu sinni.

Jafnframt hefur fjöldi umsókna aukist verulega síðustu mánuði ársins, en 27% fleiri beiðnir bárust síðustu þrjá mánuði ársins 2025 samanborið við sama tíma 2024, sem gefur til kynna áframhaldandi vöxt í aðsókn.



Þá voru 2.095 þjónustuþegar útskrifaðir árið 2025, 196 fleiri en árið áður, eða 9,3% aukning. Af þeim sem útskrifast hafa til þessa eru um 80% virkir á vinnumarkaði við útskrift – annaðhvort í starfi, í atvinnuleit eða í lánshæfu námi – sem sýnir að starfsendurhæfingin skilar raunverulegum árangri fyrir langflestu þátttakendur. ■

## Krossgátulausn

Lausnarorðið er **Murutág**

## Sudoku-lausnir



|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 1 | 9 | 5 | 8 | 3 | 2 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 8 | 7 |
| 3 | 8 | 5 | 2 | 4 | 7 | 9 | 1 | 6 |
| 1 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 |
| 2 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 3 | 8 |
| 6 | 7 | 2 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 3 |

Lausn létt

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 6 | 4 | 2 |
| 9 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 3 | 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 3 | 5 | 4 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 6 | 2 | 8 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 | 7 |

Lausn miðlungs

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 2 | 1 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 | 2 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 8 | 2 | 4 | 7 | 1 | 6 |
| 7 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 2 | 6 | 7 | 8 |
| 2 | 1 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 6 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 1 |

**Lausn erfið**

# Vinningshafi krossgátunnar




Ásta Jóna Guðjónsdóttir.

Vinningshafi krossgátunnar í þetta skipti er Ásta Jóna Guðjónsdóttir. Hún starfar á skrifstofu læknadeildar Háskóla Íslands og hefur starfað hjá háskólanum í heil 40 ár í ymsum deildum. Ásta Jóna hefur haft áhuga á krossgátum, glímt við þær frá því hún var krakki og oft sent inn lausnir, en þetta er í fyrsta skipti sem hún vinnur í leiknum.


Ásta er búin að vera lengi í Sameyki og tók áður þátt í ýmsum viðburðum sem Sameyki býður upp á, eins og jólaböllum þegar börnin voru ung, en núna skoðar hún reglulega námskeiðin hjá Gott að vita sem eru fjölbreytt og áhugaverð, ekki síst þegar þegar Sta Jóna segist oft hafa nýtt sér helgardvöl í orlofshúsum Samey­kis í verðlaun fyrir lausnina.

„Þetta lausnarorð murutág er nú ekki orð sem ég hef oft heyrt áður, svo ég gúglaði það og komst að því að þetta er jurt. Mér finnst krossgátan í Sameykisblaðinu alltaf mjög skemmtileg, enda gaman að fást við krefjandi áskoranir,“ segir Ásta Jóna að lokum.


Við hjá Sameyki óskum Ástu Jónu til hamingju með vinninginn og vonum að hún njóti vel. ■



Létt





## Miðlungs



## Erfiõ

Sudoku-praustin felst í að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.





## Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameyis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. apríl næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (20.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félags-

ins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameyis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlega merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið [krossgata@sameyki.is](mailto:krossgata@sameyki.is)



# AÐALFUNDUR

Fimmtudaginn 26. mars 2026 kl. 16:30

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu verður haldinn 26. mars 2026 kl. 16:30 á Grand hótél Reykjavík við Sigtún 28 í fundarsalnum Háteigi á efstu hæð.

## Dagskrá aðalfundar

- Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári
- Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár
- Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga
- Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara
- Ákveðið árgjald félagsfólks og skipting þess milli sjóða
- Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar
- Sameining við Póstmannafélag Íslands
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar
- Önnur mál

